

Fótboltasprenging

Krakkar út um allt land, líkt og þessir hér á Valhúsaheð, flykkjast nú út á fótboltavelli og grasflatir til að æfa sig og verða jafn góð og strákarnir í íslenska landsliðinu sem hafa komist í 8 liða úrslit á EM. „Ég held að þetta hafi ótrúleg áhrif. Þegar stelpurnar fóru fyrst á EM varð sprenging í kvennaboltanum. Það skiptir máli að sjá fólk sem er nálægt þér ná árangri og láta ekki hindranir stöðva sig,“ segir Daði Rafnsson, yfirþjálfari yngri flokka í Breiðabliki. Ráðherra vill auka stuðning við afreksíþróttafólk. Sjá síðu 4



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísland kemur verr út er varðar velferð

Ísland er neðst Norðurlandanna í vísitölu yfir velferð samfélaga, Social Progress Index (SPI). Landið fellur um sex sæti, niður í það tíunda. Önnur lönd eru að ná Íslandi segir stofnandi vísitölu. Þá skýri landsframléiðsla ekki fyllilega muninn á velferð ríkja.

VELFERÐARMÁL Ísland lækkar um sex sæti í velferðarvísitölu The Social Progress Index milli ára og er neðst Norðurlandanna. Ísland var í fjórða sæti á síðasta ári en fellur í það tíunda í ár. Finnar eru efstir og hækka um sex sæti á milli ára. Norðurlöndin fimm eru öll á meðal tíu efstu.

Vísitalan er gefin út af stofnuninni The Social Progress Imperative og er ætlað að horfa til annarra þátta en

landsframléiðslu til að mæla velferð í þjóðfélögum. Vísitalan radar ríkjum heimsins eftir frammistöðu þeirra í 53 mismunandi þáttum, til dæmis gæðum menntunar, heilbrigðisþjónustu, umburðarlyndi og tækifærum í samfélögum. Samtökin héldu ráðstefnu í Hörpu í maí sem stefnt er að að verði árlegur viðburður og nokkurs konar mótvægi við efnahagsráðstefnuna í Davos í Sviss.

10.

sætið er Íslands. Ísland fellur um sex sæti milli ára á listanum og er neðst Norðurlandanna.

Michael Green, framkvæmdastjóri SPI, nefnir tvær ástæður fyrir því að Ísland lækkar á milli ára. Í fyrsta lagi séu önnur lönd að ná Íslandi, til að mynda hvað varðar öryggi einstaklinga og aðgengi að upplýsingum. Ísland standi sig ekki verr heldur séu aðrir að bæta sig. Þá hafi aðferðafræði verið breytt í afmörkuðum þáttum sem Ísland hafi ýmist komið vel út úr eða illa, sem breyti stöðu landsins.

Í tilkynningu frá samtökunum er bent á að þótt rík lönd standi almennt betur en fátæk lönd hvað varðar þá þætti sem vísitalan mælir, skýri auðæfi ekki muninn að fullu. Þannig séu tvö efstu ríkin á SPI-kvarðanum, Finnland og Kanada, í 17. og 13. sæti yfir þau ríki sem eru með hæsta landsframléiðslu á mann.

— ih / sjá Markaðinn

Hvernig best er að koma sér á leikinn

LÍFID Í ljósi árangurs karlalandsliðsins í knattspyrnu eru nú ansi margir á leiðinni út til Frakklands til að sjá leik landsliðsins gegn Frökkum. En það getur reynst ansi erfitt enda er fyrirvarinn stuttur og flugfarið því orðið dýrt.

Farið er í blaðinu yfir nokkrar leiðir sem eru færar þeim sem hugsa sér gott til glóðarinnar og ætla að upplifa þennan ógleymanlega viðburð.

Árangur liðsins í knattspyrnu á Evrópu-meistaramótinu hefur verið glæsilegur og við komin alla leið í átta liða úrslit.

— sph, gjs / sjá síðu 32

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Stuart Gill, sendiherra Breta, segir stjórnvöld munu hlíta niðurstöðum BREXIT-þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Segir Íslendinga hafa unnið verðskuldaðan sigur á EM.

SKOÐUN Svigrúm fæst með raf-rænni þjónustumiðstöð. **13**

SPORT Draumasóknin tryggði sigurinn gegn Englendingum. **16**

MENNING Pabbi stúderaði tón-tegundir fyrir steingeitur. **24**

LÍFID Fær ekki frið fyrir fjölmíðlum í París. **34**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex[®] Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Án parabena

GAMLA APÓTEKID



Fæst í öllum helstu apótekum


ALLT FYRIR LEIKINN Á SUNNUDAG

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Austan og norðaustan 5-10 í dag. Rigning eða súld á Austfjörðum, annars skúrur, einkum síðdegis. Hiti 10 til 15 stig en 5-10 austast á landinu. **SJÁ SIÐU 22**

Corbyn ætlar ekki að láta af embætti

ENGLAND Hundrað sjötíu og tveir þingmenn breska Verkamanna-flokksins kusu gegn sitjandi formanni flokksins. Jeremy Corbyn, á þingflokksfundum í gær. Aðeins 40 þingmenn flokksins lýstu yfir trausti á leiðtoga sinn. Samt sem áður ætlar Corbyn sér að sitja áfram sem leiðtogi og kallaði eftir stuðningi við sig í yfirlýsingu sem hann sendi í gærkvöldi.

„Við erum lýðræðislegur flokkur. Þjóðin þarf á því að halda að meðlimir flokksins og þingmenn standi þétt við bakið á mér á viðsjárverðum tímum,“ segir Corbyn.

Gustað hefur hressilega um leiðtogann eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna síðastliðinn föstudag um útgöngu Breta úr ESB. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hættir sem forsætisráðherra í haust vegna úrslita kosninganna. Jeremy Corbyn ætlar sér hins vegar að sitja sem fastast og sakar ríkisstjórnina um að passa ekki nægilega upp á hagsmuni Breta.

„Ríkisstjórnin er lömuð og án áætlunar um næstu skref. Hins vegar eru hún ákveðin í að láta vinnandi fólk borga brúsann með niðurskurð og skattahækkunum,“ segir Corbyn. – sa / sjá síðu 8

Þjóðin þarf á því að halda að meðlimir flokksins og þingmenn standi þétt við bakið á mér á viðsjárverðum tímum.

Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins í Bretlandi



Kampakátur



Sigurreifur við stýrið Sigurgleiðin eftir leik Íslands og Englands á mánudag litar víða mannlífið. Stemningin var til dæmis frábær í leið ellefu þar sem Össur Valdimarsson var við stýrið á stræti í gær. Í útvarpinu ómaði „Áfram Ísland“ og fengu farþegar líka að njóta tónlistarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Sjötíu og átta völdu listann

STJÓRN MÁL Aðeins 78 tóku þátt í prófkjöri Pirata í NA kjördæmi. Úrslit voru kynnt í gær. Einar Brynjólfsson kennari leiðir listann í kjördæminu. Framkvæmdastjóri flokksins segir þátttökuna í prófkjöri vera ágæta.

„Ef mið er tekið af öðrum prófkjörum þá er þetta ágætisþátttaka,“ segir Sigurður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pirata. „Ákveðið var að halda lokað prófkjör og sam-mæltust allir frambjóðendur um ákveðið fyrirkomulag. Þátttakan er hlutfallslega meiri hjá okkur en til dæmis hjá Samfylkingu fyrir síðustu kosningar og aðrir láta stílla upp hjá sér og halda ekki prófkjör.“

Í öðru sæti á listanum er Guðrún Ágústa Þórisardóttir rekstrarfræðingur og í þriðja sæti er Hans Jónsson öryrki. Allir þrjú efstu á listanum eru búsettir á Akureyri. Piratar hafa í fylgiskönnunum fréttastofu 365 verið að mælast með fjóra menn á þing í kjördæminu. – sa

Erlendar rútur raska ró Samtaka ferðapjónustu

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) hafa fengið ábendingar um að hér á landi starfi í auknum mæli erlend rútufyrirtæki og ekki sé greiddur virðisaukaskattur af starfsemi þeirra. Málið er nú í ferli hjá Ríkisskattstjóra og yfirvöldum tollamála.

FERÐAÞJÓNUSTA Samtök ferðapjónustunnar hafa sent fyrirspurn til ríkisskattstjóra og tollayfirvalda vegna erlendra rútufyrirtækja sem starfa hér á landi. Um er að ræða rútur sem koma hingað til lands með Norrænu.

„Það hefur viðgengist að erlendar rútur séu hér með erlenda starfsmenn en það sem er nýtt er að öll starfsemi hér á landi er varðar ferðamenn og flutning ferðamanna er virðisaukaskattskyld,“ segir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Samtökum ferðapjónustunnar. Hann segir að samtökunum hafi borist ábendingar frá íslenskum ferðapjónustuaðilum þar sem grunur leikur á að erlendir aðilar séu starfandi hér á landi og greiði ekki virðisaukaskatt af þeirri starfsemi. Frá áramótum hafa fólksflutningar verið virðisaukaskattskyldir og tekur skattskyldan jafnt til innlendra sem erlendra fyrirtækja.

Samkvæmt reglugerð um ýmis tollfríðindi er heimilt fyrir erlendar rútur að koma hingað til lands með tiltekinn hóp og fá þá akstursleyfi án greiðslu aðflutningsgjalda. Steinþór Ólafsson leiðsögumaður segir að mikið hafi borið á því að þeir erlendu aðilar sem koma hingað til lands stundi meiri starfsemi en heimilt er og taki marga hópa í hverri ferð, án þess að greiða tilskilin gjöld.

Steinþór segir erlenda aðila undirbjóða íslenska markaðinn og að verð fyrir leigu á slíkum bílum sé töluvert lægra en gengur og gerist. „Launin eru líka mun lægri en við þekkjum hér, en einn bílstjórnanna sagði mér að launin hans væru um 45 evrur á dag, eða um 6.500 krónur.“

Gunnar Valur bendir á mikilvægi þess að aðilar á markaði búi við sam-



Samtök ferðapjónustunnar hafa sent fyrirspurn til Ríkisskattstjóra og tollayfirvalda vegna erlendra rútufyrirtækja sem starfa hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hefur viðgengist að erlendar rútur séu hér með erlenda starfsmenn en það sem er nýtt er að öll starfsemi hér á landi er varðar ferðamenn og flutning ferðamanna er virðisaukaskattskyld.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá SAF



bærileg samkeppnisskilyrði hvað varðar skil á sköttum.

Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður í Keflavík, segir að tollayfirvöld hafi reynt að uppræta slíka starfsemi. „Þegar gert er út á það að undirbjóða og taka marga hópa til lengri tíma þá reynum við að stoppa það eins og við getum,“ segir Kári. Hann segir þó að eftirt geti reynst að hafa eftirlit með slíkri starfsemi.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra hefur embættið á hendi öflugt eftirlit meðal annars með því að leggja mat á ábendingar sem berast. Embættið hefur hins vegar ekki heimild til að veita upplýsingar um einstaka mál.

Gunnar Valur segir að málið sé nú í ferli hjá þar til bærnum eftirlitsaðilum sem fara með málið samkvæmt gildandi lögum. thordis@frettabladid.is

Nýtt!
3 mest seldu plástrarnir í einum pakka

Láttu ekki blöðru stoppa þig!
Notaðu COMPEED® fyrirbyggjandi eða til að græða sárið

COMPEED®
Be Unstoppable



Hetjur framtíðarinnar

#n1mótið

N1 mótið á Akureyri 29. júní – 2. júlí 2016

Í 30 ár hefur N1 mótið gefið ungum fót看taköppum tækifæri til að sýna sig, sjá aðra og taka framförum saman. Núverandi landsliðsmenn Íslands eiga einmitt góðar minningar frá mótinu og hafa með elju byggt ofan á þann grunn.

Mótið í ár er hið fjölmennasta frá upphafi – 185 lið mæta til leiks með 1900 leikmenn.

Við óskum mótsgestum góðrar ferðar á N1 mótið á Akureyri og hvetjum aðra til að fylgjast með leikgleðinni. Myndum frá mótinu má deila undir myllumerkinu #n1mótið.



Hluti af boltasumrinu



Síðustu dagar!
Sértilboð út júní

AURIS
áður óséð kjör
SUMARTILBOÐ
láttu sólina ráða för
Verð frá 2.995.000 kr.*



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Áður óséð AURISatilboð til enda júní

á öllum gerðum Auris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

Auris og **Auris Touring Sports** eru sólarlæggin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólrika sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág
innborgun**

**Tryggt
fram tíðarvirði**

**Fastar
mánaðargreiðslur**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verðdæmi á við Auris Live 1.4 dísil á 15" felgum frá Toyota Kaupúni. Verð getur verið mismunandi milli viðurkenndra söluaðila. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Talsverður fjöldi telur Hillary Clinton óheiðarlega. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír fjórðu telja Hillary Clinton vera óheiðarlega

BANDARÍKIN Einungis 25 prósent Bandaríkjamanna telja Hillary Clinton, forsetaframbjóðanda demókrata, heiðarlegri en Donald Trump, frambjóðanda repúblikana. 41 prósent telur Trump heiðarlegri en 32 prósent hvorugt þeirra nógu heiðarlegt til að gegna embætti forseta. Þetta kemur fram í nýrri könnun NBC og Wall Street Journal sem birtist í gær. Þá segja 70 prósent

aðspurðra meintan óheiðarleika Clinton alvarlegt áhyggjuefni.

Clinton mælist þó með fimm prósentustiga forskot á Trump hvað fylgi varðar. Mælist hún með 46 prósent fylgi en Trump 41 prósent. Þær tölur ríma vel við meðaltal skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman. Þar nýtur Clinton fylgis 46 prósent Bandaríkjamanna en Trump 40 prósent. – þea

Tekinn fastur



Með rússneskan mafiösa í haldi Spænska herlöggreglan handtekur einn sjö manna sem gripnir voru í gær og sakaðir um að tilheyra skipulögðum rússneskum glæpasamtökum. Þessi var tekinn í bænum Cambrils í Tarragona á Spáni, en aðgerðir lögreglu náðu til bæjanna Salou, Cambrils og Reus. Uppræta átti glæpastarfsemi þar sem peningar voru þvættaðir með uppkaupum á íbúðum fyrir ferðamenn. FRÉTTABLAÐID/EPA



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Álfhólsvegur 88 – Kóp. Efri sérhæð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Góð 151,7 fm. efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Eigninni fylgir 37,0 fm. bílskúr og sér bílastæði. Yfirbyggðar svalir eru til suðvesturs og nýtur mikils útsýnis. Rúmgott eldhús. Björt stofa með arni og góðri lofthæð. Þrjú herbergi. Rúmgott sjónvarpshol. Ræktuð lóð. Frábær staðsetning, stutt í þjónustu og skóla. Verð 47,9 millj. Verið velkomin.

Austurbrún 2 - 2ja herbergja útsýnisíbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



47,6 fm. útsýnisíbúð á 6. hæð við Laugardalinn. Húsvörður er í húsinu og sameiginlegur salur er á 13. hæð, sem tekur allt að 40 manns í sæti. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan auk þess sem skipt var um stærstan hluta af gleri og gluggum í húsinu á sama tíma. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 20,9 millj. Verið velkomin.

Takast þarf á við vandann á heimavelli

Sérfræðingur í skattaundanskotum segir almenning hneykslast meira yfir skattaundanskotum nú en hann hafi gert fyrir hrun. Hann segir ógerlegt að viðhalda núverandi velferðarkerfum þegar gríðarlegar fjárhæðir liggja í skattaskjöli.

EFNAHAGSMÁL Vandinn við skattaundanskot liggur ekki í skattaskjólunum þar sem peningurinn er skráður. Ef vilji er til að uppræta skattaundanskot þarf að takast á við vandann heima fyrir. Þetta er mat Torstens Fensby, verkefnastjóri hjá Norræna ráðherraráðinu, sem hélt fyrirlestur um skattaundanskot á opnum fundi í Norræna húsinu í gær.

„Við þurfum að gera ráðstafanir til þess að aftengja fjármálastarfsemi í skattaskjólum. Við þurfum að skapa sjálfbært efnahagslegt samfélag, ef okkur tekst það ekki mun verða önnur fjármálakreppa innan nokkurra ára,“ sagði Fensby á fundinum.

Fensby hefur háð áralanga baráttu gegn skattaundanskotum og leiddi sameiginlegt verkefni norrænu ríkisstjórnanna um gerð upplýsingaskiptasamninga á sviði skattamála við aflandssvæði. Því verkefni er nýlökíð.

Á fundinum fór Fensby yfir skilgreiningu skattaundanskota, af hverju fólk nýtir sér skattaskjól og hvernig viðbrögð almennings við

Maður nýtir sér ekki skattaskjól án ástæðu. Það er alltaf til þess að komast hjá því að lúta einhverjum lögum.

Torsten Fensby, sérfræðingur Norræna ráðherraráðsins í málum er varða skattaundanskot



hneykslismálum hafa breyst eftir fjármálakreppuna árið 2008.

„Maður nýtir sér ekki skattaskjól án ástæðu. Það er alltaf til þess að komast hjá því að lúta einhverjum lögum. Það eru ekki endilega skattalög, það geta verið reglugerðir og lög um fjármálamarkaði. Annars væri engin ástæða til að nýta sér skatta-paradísir, því það er mjög kostnaðarsamt,“ sagði Fensby.

Fensby sagði að þegar Liechtenstein-hneykslið kom upp árið 2007 hefðu viðbrögð almennings ekki verið á pari við Panama-skjölun. „Ég held að efnahagslega og pólitíska umhverfið sé mjög breytt í dag. Við fylgjumst betur með hvað ríkisstjórnir gera við skattpeninga okkar. Þess vegna held ég að viðbrögðin hafi verið sterkari. Auk þess sem stjórnáamenn tengdust Panama-skjölunum.“

Fensby benti á stærð vandans, áætlað er að 30 þúsund milljarðar dollara liggja í skattaskjöli. „Aflandsmarkaðurinn er að verða fórnarlamb eigin velgengni. Þetta er orðið svo stórt og allir nýta sér þetta. Við stöndum frammi fyrir þeim vanda í dag að heima erum við með hagræfi sem fylgir reglum og er skattlagt, en svo eru til aflandsmarkaðir þar sem reglurnar gilda ekki og fólk kemst að mestu hjá skattgreiðslum. Á sama tíma erum við að reyna að standa undir sama velferðarkerfi og fyrir þrjátíu árum, það gengur bara ekki upp.“ saeunn@frettabladid.is



Innovation
that excites

Zero Emission

HLAÐINN JÁKVÆÐRI ÍSLENSKRI ORKU



**NÝ 30 KWH RAFHLAÐA.
250 KM DRÆGNI.**

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

NISSAN LEAF ACENTA 30kWh
Verð: 4.290.000 kr.

100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

[30 kWh]
← 250 km* →

[24 kWh]
← 199 km* →

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Drægni hverrar hlöðu mældur við uppgefnar tölur frammiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEEM / SIA / NM76099

Evrópusambandið vill skjótan skilnað

Leiðtogar Evrópu í Evrópusambandinu vilja skýr svör og skjótan aðskilnað frá Bretlandi. Mikill hiti var í ráðamönnum þegar Evrópuþingið kom saman í gær. Á sama tíma og ráðamenn rifast er ólga í bresku samfélagi. Þingmaðurinn Pat Glass hefur fengið líflátshótanir.

BRETLAND Í gær kom Evrópuþingið saman til þess að ræða úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Á þinginu var breska úrsagnarfylkingin gagnrýnd harðlega. Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands (UKIP), var sakaður um nasistaáróður og lygar. Farage sagði Evrópusambandið í afneitun og dró upp dökka mynd af þingmönnum þess. Þeir hefðu fæstir unnið alvöruverk á ævi sinni.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, reiddist á fundinum þingmönnum UKIP þegar þeir fögnuðu orðum hans að virða yrði niðurstöður kosninganna. „Hvað eruð þið að gera hérna?“ spurði Juncker.

Bresk stjórnvöld þurfa að virkja 50. grein Lissabonsáttmálans til þess að hefja úrsagnarferli sitt úr Evrópusambandinu. Cameron mun ekki virkja greinina og vísar á eftirmann sinn.

„Engar skýringar, engar viðræður,“ sagði Juncker á þinginu um framvinduna.

Ósk leiðtoga í Evrópu um skjótan skilnað er skiljanleg. Bresk yfirvöld þurfa að bregðast hratt við til þess að lægja öldurnar og minnka efnahagslegar afleiðingar í álfunni vegna úrsagnarinnar.

Glass fékk líflátshótanir

Fjármálaráðgjafi tóku aðeins við sér í gær eftir að sterlingspundið náði sögulegum lægðum. George Osborne, fjármálaráðgjafi Bret-



Farage og Juncker á Evrópuþingi í gær þar sem hitnaði í kolunum. MYND/EPA

lands, lýsti þeirri skoðun sinni á mánudag að það þyrfti að draga úr neyslu og hækka skatta til að jafna efnahaginn. Óvissan vofir yfir bresku efnahagslífi og síðan þá hafa fyrirtæki tilkynnt um ráðningabann og mögulegan niðurskurð.

Hræringar í stjórnáttmálum skekja samfélagið. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, galt afhroð

í gær, 172 þingmenn lýstu á hann vantrausti á móti fjórtíu þingmönnum.

Þá berast enn fréttir af áreitni í garð innflytjenda og tíðari afskiptum lögreglu af rasistum. Pat Glass, fráfarandi þingmaður Verkamannaflokksins, sagði frá því í gær að hún hefði fengið líflátshótanir og því verið fjarri kosningavöku á kjör-

dag. Glass vildi áframhaldandi veru Breta í Evrópusambandinu.

Lítill sneið af Evrópu

Jim Jones er ungur maður, aðfluttur til London frá Cirencester. Jim starfar á pitsustað í Soho í London. Sem dæmi um hugarfarið á pitsustaðnum var ný pitsa kynnt á matsæðlinum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna

Veruleikinn sem foreldrar okkar og eldri kynslóðir kjósa yfir okkur er ekki í anda þess frelsis sem við óskum okkur að búa við.

Jim Jones, pitsusali í Soho í Lundúnum



með þessum orðum: „Lítill sneið af Evrópu sem Farage og fylgismenn komast ekki með klær sínar í.“

„Veruleikinn sem foreldrar okkar og eldri kynslóðir kjósa yfir okkur er ekki í anda þess frelsis sem við óskum okkur að búa við,“ segir Jim.

Í Cirencester er lífbraudið landbúnaður og Jim bendir á að eftir Brexit verði áhrifanna vart þaðan til þessa litla pitsustaðar í London. „Þannig er lífið. Það eru svo mest innflytjendur sem starfa í hótél- og veitingaiðnaði í London. Líka hér. Ef pundið fellur þá hækkar kostnaður til framleiðslu. Á endanum verður allur kostnaður meiri og ef það verður í þokkabót minna um starfsfólk sem er tilbúið að leggja hart að sér, þá erum við í vanda stödd,“ segir þessi ungi maður og bendir á pitsuna sem hann hefur lagt á borðið. „Þessi pitsa, verður dýrari og það verður erfiðara að framleiða hana,“ segir hann.

kristjanabjorg@frettabladid.is

GÁMASALA



29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ

MIÐVIKUDAGUR TIL LAUGARDAGS

FULLUR GÁMUR AF MONGOOSE HJÓLUM SEM VIÐ ÞURFUM AÐ LOSNA VIÐ - STRAX!

ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

FYRSTUR
KEMUR
- FYRSTUR
FÆR!



HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200

VERSLAÐU Á
WWW.GAP.IS

Við tjöldum því besta

Yfir 40 gerðir af tjöldum

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Vango



Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 20.995,-
3 manna verð kr. 24.995,-



Hilleberg Nallo GT
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 179.995,-
3 manna verð kr. 189.995,-



Vango Banshee
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 35.995,-
3 manna verð kr. 40.995,-



Vango Helix
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 31.995,-
3 manna verð kr. 37.995,-



Vango Tempest
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 40.995,-
3 manna verð kr. 49.995,-



Vango Pulsar
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 49.995,-
3 manna verð kr. 56.995,-



Vango Drummond
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 59.995,-
5 manna verð kr. 69.995,-



Vango Ravello Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 149.995,-
6 manna verð kr. 169.995,-



Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 39.995,-
4 manna verð kr. 44.995,-



Vango Iris
4000mm vatnsheldni
5 manna tilboðsverð kr. 76.995,-
6 manna tilboðsverð kr. 84.995,-



Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
6 manna verð kr. 99.995,-
8 manna verð kr. 114.995,-



Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 59.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 65.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun



MAMMUT



OR OUTDOOR RESEARCH

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Vango

TERNUA



GREGORY



Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Stærsta vandamál spítalans enn óleyst

Fjármögnun Landspítalans hefur verið breytt frá fjárveitingum á föstum fjárlögum til afkastatengds kerfis. Öll OECD-löndin hafa fyrir löngu innleitt aðferðafræðina. Forstjóri LSH segir stóra vandamálið – undirfjármögnun spítalans – enn óleyst.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Fjármögnun Landspítalans hefur verið breytt á þann hátt að tekið hefur verið upp afkastatengt kerfi í stað fjárveitinga á föstum fjárlögum. Samningur þessa efnis var undirritaður í vikunni og markmiðið er að tryggja árangursríka heilbrigðisþjónustu og hagkvæmari nýtingu þeirra fjármuna sem renna til spítalans.

Ísland síðast


Samningurinn byggist á DRG-flokkunarkerfinu, alþjóðlegu flokkunarkerfi, sem lýtur að því að skilgreina kostnað að baki hverri aðgerð eða meðferð og sjá nákvæmlega hvernig fjármunum er varið. Samningurinn gildir frá ársbyrjun og verður endurskodaður í haust. Því verður unnið eftir samningnum á þessu ári til reynslu og hann mun því ekki hafa fjárhagsleg áhrif á rekstur Landspítala. Stefnt er að því að samningurinn, sem er á milli LSH og Sjúkra-trygginga Íslands, komi að fullu til framkvæmda árið 2017.

Það má segja að með samningnum sé hnýttur endahnúturinn á mál sem hefur lengi verið í undirbúningi, en strax árið 1983 kom þetta til umræðu. Ísland er síðast af 34 löndum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) til að innleiða þessa aðferðafræði. Reyndar eru áratugir síðan þessu var komið á víðast hvar, og við rúnum aldarfjórðungi á eftir Norðurlöndunum, til dæmis.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir það stjórnvalda að svara því af hverju þessi umfangsmikla breyting er gerð nú, en ekki miklu fyrr. Hann bendir þó á að tíma hafi þurft til að byggja upp þekkingu og traust á DRG-kerfinu víðar en innan Landspítala.

Í tilkynningu velferðarráðuneytisins er þessari spurningu svarað að hluta. Þar stendur einfaldlega að „samningurinn grundvallast á stefnu heilbrigðisráðherra á sviði sjúkrahúsþjónustu“. Með öðrum orðum snýst þetta um pólitískan vilja.

Sjúkra-tryggingar Íslands voru stofnaðar árið 2008, og það var stefna stjórnvalda á þeim tíma að taka kerfið upp. Lögin um Sjúkra-tryggingar gerðu beinlínis ráð fyrir því. Þegar vinstristjórn tók við eftir hrun voru þessar hugmyndir slegnar með öllu út af borðinu. Við ríkisstjórnarskiptin árið 2013 var



Öll Norðurlöndin nota flokkunarkerfi af sömu gerð og nú er tekið upp á Landspítala með litlum sérútfærslum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

málið svo tekið upp aftur og undirbúningur hafinn. Að tímasetningin nú sé tengd boðuðum kosningum í haust getur varla talist langsótt.

Sameining ýtir við málinu

Sameining tveggja stærstu sérgreinasjúkrahúsa landsins, Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, í eitt hátækni- og kennslusjúkrahús ýtti undir innleiðingu DRG-flokkunarkerfisins. Má rifja upp að eiginlegt sameiningarferli hófst með því að ríkið yfirtók rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur í janúar 1999. Ákvörðun um sameiningu var síðan tekin í febrúar árið 2000 og varð þá til Landspítala – háskóla-sjúkrahús (LSH). Þá hófst innleiðing starfsemisgreiningarinnar (DRG-flokkunar) og smíði kostnaðargreiningarkerfis spítalans. Öll starfsemi hans hefur verið greind samkvæmt DRG-flokkunarkerfinu frá 2003 og kostnaðargreining klínískrar starfsemi er til frá 2006.

Stórfé

En hefur Landspítalinn – heilbrigðiskerfið – dregist aftur úr

Stórt mál sem DRG-kerfið leysir ekki er sú staðreynd að veruleg undirfjármögnun hefur átt sér stað alla þessa öld og lengur á Landspítala.

Páll Matthíasson,
forstjóri LSH



vegna þess hversu seint þetta kerfi er tekið upp? Er heilbrigðiskerfið búið að tapa stórfé – því ef mælikvarðar venjulegs heimilishalds eru lagðir á breytinguna þá virðist það ekki vera líklegt til árangurs að vita ekki „hvernig fjármunum er varið og hvernig þeir nýtast“, eins og segir í tilkynningu ráðuneytisins með vísan til þess sem var.

Eftir því sem næst verður komist er ekki hægt að setja verðmiða á það sem á undan er gengið. Hins vegar

Í hvað fara peningarnir?

● Framleiðslutengd fjármögnun felur í sér að í stað þess að byggja fjármögnun sjúkrahúss alfarið á föstum fjárlögum sem ákveðin eru ár fram í tímann, er meginhluti hennar byggður á ítarlegri kostnaðargreiningu. Með því eiga framlögin að samræmast raunverulegum kostnaði þannig að auðvelt verði að sjá hvernig fjármunum er varið og hvernig þeir nýtast.

● Við fjármögnun Landspítala er gert ráð fyrir að meginhluti rekstrarins verði framleiðslutengdur [klínísk hlutinn], en verkefni sem t.d. tengjast hlutverki LSH á sviði kennslu og vísinda, stofnkostnaður og meiriháttar viðhald verður fjármagnað samkvæmt föstum fjárlögum, auk sértekna og gjafa. Er þetta módel eins í öllum aðalatriðum og þau kerfi sem notuð eru í Noregi og Svíþjóð.

er talið óhrekjanlegt að stjórnendur Landspítalans hafa ekki haft færi á að vinna sín verk á sem hagkvæm-astan hátt. Leikmaður gæti séð þetta með þeim hætti að það sé þeim sem fá fasta fjárveitingu í hag að gera sem minnst. Með gegnsæi DRG-kerfisins komi hins vegar hvati til að spítalinn „framleiði“ meira, enda sjá allir hvað hlutirnir kosta. Þannig komi þetta til með að gagnast öllum þegar gegnsæi fæst á starfseminu.

Stóra vandamálið óleyst

Páll forstjóri útskýrir að eftir sem áður séu fjárveitingar til Landspítalans ákvarðaðar af Alþingi. „Stórt mál sem DRG-kerfið leysir ekki er sú staðreynd að veruleg undirfjármögnun hefur átt sér stað alla þessa öld og lengur á Landspítala. Það er ljóst að vilji þjóðarinnar stendur til þess að bæta það með stóruáttum framlögum til heilbrigðiskerfisins, þar á meðal Landspítala,“ segir Páll.

Bemba fékk átján ára dóm fyrir stríðsglæpi

HOLLAND Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn í Haag hefur dæmt Jean-Pierre Bemba, fyrrverandi varaforseta Demókrátíska lýðveldisins Kongó, í átján ára fangelsi.

Bemba var í mars fundinn sekur um fjölda morða, nauðgana og rána sem framin voru af hermönnum í hersevit undir hans stjórn í Mið-Afríku-lýðveldinu árin 2002 og 2003.

Dómurinn sem kveðinn var upp í mars var sögulegur fyrir þær sakir að í fyrsta sinn voru nauðganir viðurkenndar sem stríðsglæpur af Alþjóðlegu sakamáladómstólum. Það var einnig í fyrsta skipti sem stjórnandi herdeildar er sakfelldur fyrir slík brot án þess að hafa tekið beinan þátt.

EKKI var sýnt fram á beina þátttöku Bemba í glæpunum en hann var talinn bera ábyrgð á þeim þar sem hann fór með stjórn hersveitarinnar. – þv



Jean-Pierre Bemba, fyrrverandi varaforseti Demókrátíska lýðveldisins Kongó. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Færri unglingar sækjast eftir vinnu

ATVINNUMÁL Rúmlega 1.100 unglingar starfa hjá Vinnuskóla Reykjavíkur í sumar en þeir voru 1.400 í fyrra. Fækkunin er umtalsverð þrátt fyrir að laun hafi hækkað um tæp fjórtán prósent milli ára.

Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólalastjóri Vinnuskólans, hefur ekki skýringar á reiðum höndum en segir unglinga til að mynda fá sum starf í lágverðsverslunum.

„Maður hefur líka heyrt síðustu ár að einhverjir vinna bara alls ekki,“ segir hann. „Margir eru í frii með foreldrum, að sinna íþróttum eða á námskeiðum.“

Sigurður Sigurðsson hjá Vinnu-efirlitinu tekur undir þetta enda hafi ítarlegar reglur um vinnu barna fækkað stórfum fyrir þau. Hann veit ekki til þess að fleiri börn starfi í ferðaþjónustu en fylgst er með þróuninni. „Það eru ákveðnar vísendingar enda gifurleg mannþörf í geiranum.“ – ebg



Þessir hressu unglingar eru í Vinnuskóla Reykjavíkur þetta sumarið og róta í beðum við Vogaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Audi A5 Sportback Quattro
2.0 TFSI AT

Ekinn **40.000**

2013 **6.990.000 KR**

225 hestöfl. 18" álfelgur. sóllúga. Milano-leðurinnrétting. fjarlægðarskynjarar. led ljós o.fl.



Audi A6 Allroad Quattro
3.0 TDI AT

Ekinn **41.500**

2014 **8.970.000 KR**

204 hestöfl. sólpak. rafdrifin afturhleri. fjarlægðarskynjarar. Milano leðuráklæði. rafstýrð sportsæti með minni. led aðalljós.



VW Passat Highline
1.4 TSI AT

2015 **5.190.000 KR**



- Raf / Bensín
- Ekinn þús. km.
- Myndir á vef
- Disil
- Fjór hjóladrif
- Metan & bensín
- Sjálfskiptur
- Beinskiptur
- Rafmagnsbíll



Vegsamaðar sumarkerrur

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



VW e-Golf
rafbíll

2015 **4.140.000 KR**



Porsche Cayenne
3.0 Diesel

2011 **8.490.000 KR**



Toyota Yaris
1500 Hybrid AT

2014 **2.690.000 KR**



Fiat 500 Lounge

2013 **2.190.000 KR**

TILBOÐ **1.820.000 KR**



Ford Mondeo
Trend AT

2007 **1.440.000 KR**

TILBOÐ **980.000 KR**



Toyota ProAce
GX AT

2013 **4.290.000 KR**

TILBOÐ **3.690.000 KR**



BMW X5
3.0D E70

2011 **7.850.000 KR**

TILBOÐ **6.990.000 KR**



BMW X5
4.8is E70 4X4

2008 **4.950.000 KR**

TILBOÐ **3.950.000 KR**



Audi A4 Limo 2.0 TDI
143 hestöfl AT

2012 **3.790.000 KR**

TILBOÐ **3.390.000 KR**



Audi A4 2.0 TDI
143 hestöfl AT

2011 **2.980.000 KR**

TILBOÐ **2.740.000 KR**



Audi A4 Avant 2.0 TDI
143 hestöfl AT

2013 **3.990.000 KR**

TILBOÐ **3.490.000 KR**



Hyundai I30
Comfort 1.6 AT

2013 **2.790.000 KR**

TILBOÐ **2.250.000 KR**



Mitsubishi i-Miev
rafbíll AT

2013 **1.720.000 KR**

TILBOÐ **1.490.000 KR**



NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



Vondar skoðanir



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Tilkynntum hatursglæpum í Bretlandi hefur fjölgað um 57 prósent síðan atkvæðagreiðsla um veru landsins innan Evrópu-sambandsins fór fram. Þar höfnuðu Bretar sambandinu, þó að nákvæm útfærsla á útgöngu þeirra liggi ekki fyrir.

Ráðist hefur verið á innflytjendur víða um Bretland, ókvæðisorð eru hrópuð að þeim sem líta út fyrir að vera útlendingar, áróðursskilti hanga víða, bolir með slagorðum sjást á götum úti og samfélagsmiðlar eru stappfullir af rasískum viðhorfum og sögum.

Rasistar nýta sér úrslitin til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri þrátt fyrir að sumir leiðtogar Brexit-kosningabaráttunnar hafi tekið það fram að nýtt kerfi fyrir innflytjendur myndi ekki hafa áhrif á íbúa Bretlands frá Evrópusvæðinu. „Það verða engar breytingar fyrir íbúa Evrópu sem eru nú þegar löglega búsettir í Bretlandi,“ segir á vefsíðu kosningabaráttunnar.

Það er augljóst að kosningaúrslitin eru ekki eina orsök þessarar stöðu. Vandamál tengd umræðunni um innflytjendur hafa verið grasserandi í Bretlandi í lengri tíma. Þau hafa aðeins aukist eftir að ófriðurinn fyrir botni Miðjarðarhafs flæmdi þúsundir flóttamanna til Evrópu og eru nú að ná hámarki sínu. Þannig sýna kannanir að um helmingur þjóðarinnar telur að innflytjendur hafi neikvæð áhrif á breskan efnahag.

Þannig virðast þeir sem hafa andúð á innflytjendum líta á úrslitin sem staðfestingu á skoðunum sínum og að þeir hafi meirihluta á bak við sig. Stjórnmalamenn gerðu lítið til að sporna við þessu í aðdraganda kosninganna og raunar má segja að þeir sem börðust fyrir útgöngunni hafi margir hverjir kynt allverulega undir vandanum. Málflutningur um galopin landamæri, milljónir flóttamanna á leið til Bretlands og áhrif þess á atvinnumarkaðinn í Bretlandi var og er ekkert annað en innantómur hræðsluáróður. Sem virkaði.

Borgarstjóri London, Sadiq Khan, tók fram strax eftir kosningar að Evrópubúar væru áfram velkomnir til London og fyrirrennari hans, Boris Johnson útgöngusinni, reyndi einnig að lægja öldurnar. En þrátt fyrir það er ljóst að innflytjendur upplifa bæði óvissu og óvild, sem í ljósi þess sem gerst hefur eftir kosningarnar verður að teljast skiljanlegt.


Bretland og Evrópa standa á krossgötum. Ekki aðeins í efnahagslegu og alþjóðapólitísku tilliti heldur einnig þegar kemur að mannréttindum. Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að þröngsýni og afturhald hafi orðið ofan á. Opinber rasismi hefur sjaldan frá síðari heimsstyrjöld verið eins víðurkenndur. Ljóst er að allir, stjórnmalamenn, almenningur, fjölmiðlar og aðrir, verða að taka saman höndum til að lægja öldurnar og stöðva uppgang öfgasinna.

Við höfum séð hvað gerist þegar öfgasinnaðir rasistar hljóta uppgang innan Evrópu. Við viljum ekki sjá það aftur.



Opinber rasismi hefur sjaldan frá síðari heimsstyrjöld verið eins víðurkenndur.

Halldór



Frá degi til dags

Leiðrétting

Þau leiðu mistök urðu á þessum vettvangi í gær að atkvæði Davíðs Oddssonar í forsetakosningum voru sögð ellefu þúsund atkvæðum færri en þau voru í raun. Höfundur varð á að treysta íslenskri útgáfu Wikipedíu á internetinu sem sýnir tölur frá því fyrr um nóttina, löngu áður en lokatölur bárust. Þetta leiðrétting hér með. Davíð Oddsson fékk 25.108 atkvæði í forsetakosningum 2016. Enn stendur þó að Davíð fékk færri atkvæði en Albert Guðmundsson, fyrrverandi ráðherra, í forsetakosningum 1980. Albert hafnaði í þriðja sæti kosninganna með 25.599 atkvæði og 19,8 prósent fylgi. Fylgi Davíðs á landsvísi var 13,7 prósent.

Kærkomin hvíld

Það kemst ekkert annað að hjá Íslendingum en Evrópumeistarátíð í knattspyrnu. Fólk sem aldrei hefur fylgst með fótbolta áður, eða tuðar alla jafna yfir því vægi sem íþróttir fá í íslensku sjónvarpi, er allt í einu froðufellandi af spennu fyrir Íslands hönd. Það er kærkomin hvíld frá argþrasi íslenskrar umræðu. Þegar kemur að EM er íslenska þjóðin hætt að skipa sér í fylkingar. Í stað þess skipum við okkur í breiðfylkingu, öll sem eitt, og erum landi okkar og þjóð til sóma innan vallar sem utan og heimspressan fylgist með. Við erum kannski lítil þjóð, en stórhuga. snaeros@frettabladid.is

Skýr stefna í ferðamálum



Ragnheiður Elin Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Í grein í Fréttablaðinu 27. júní opinberar nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar áberandi þekkingarleysi á stöðu ferðamála og þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum. Þær má m.a. sjá í ítarlegri skýrslu sem ég lagði fyrir Alþingi í vor.

Ferðaþjónustan hefur á síðustu fimm árum vaxið gríðarlega og langt umfram allar spár, en vöxturinn frá 2011 er 121 prósent. Þessi staða færir okkur bæði mikil tækifæri en um leið stórar áskoranir. Eitt af því sem við sáum fljótt var að fyrri ríkisstjórn hafði t.a.m. skort heildstæða stefnumörkun fyrir málaflokkinn.

Við höfum stefnumótunarvinnu árið 2014 í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og lukum verkinu með Vegvís í ferðaþjónustu. Með því náðum við utan um viðfangsefnið – og það sem meira er, náðum fólk saman að borðinu. Stjórnstöðin er samræmingaraðiliinn, Vegvísir er stefnan. Yfir 1.000 manns komu að gerð Vegvísar og í stjórn Stjórnstöðvar sitja fjórir ráðherrar, fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar og fulltrúar sveitarfélaga. Vinna Stjórnstöðvar hefur verið markviss og hefur þegar skilað miklum árangri. Sú ríkisstjórn sem formaður Samfylkingarinnar gegndi embætti fjármálaráðherra í setti 650 milljónir í Framkvæmdasjóð ferðamannastada. Núverandi ríkisstjórn hefur veitt tæplega 2,5 milljarða í sjóðinn. Alls var 350 milljónum varið í þjónustuhús og bætt salernisaðstöðu og 380 milljónum til verkefna til bættis öryggis. Ríkið eitt og sér fjárfesti fyrir 850 milljónir í sínum innviðum vorð 2015. Við höfum komið til móts við sveitarfélögin með því að lækka mótframlag til svæða í eigu og umsjón sveitarfélaga og einkaaðila úr 50 prósentum í tuttugu prósent.

Ferðamenn skila okkur gríðarlegum skatttekjum í ríkissjóð. Aukningin í virðisaukaskatttekjum ríkisins eingöngu af kortaveltu erlendra ferðamanna milli 2014 og 2015, var 10 milljarðar, fór úr 15 milljónum í 25. Ferðamenn leggja verulegar fjárhæðir til þjóðarbúsins og að kalla eftir skattahækkunum eins og formaður Samfylkingarinnar leggur til að hætti vinstri manna er óþarfi þar sem tekjurnar sem við þegar fáum eru umtalsverðar.

Ef við vinnum áfram samhent og samstillt leggjum við grunn að áframhaldandi velgengni íslenskrar ferðaþjónustu.



Ferðamenn skila okkur gríðarlegum skatttekjum í ríkissjóð. tæplega 2,5 milljónum í sjóðinn.

Sumartilboð
Bildir út júní 2016
KÖDDI FYLGIR MEÐ!
á meðan birgðir endast!

ENDURNÝJADU RÚMIÐ!
Frábært tækifæri til að endurnýja í gestaherbergjunu og/eda í sumarbústaðnum.
Komdu og kíktu á úrvalið!

rekkjan
HEILSURÚM

Rafræn þjónustumiðstöð í Reykjavík



Halldór Auðar Svansson
borgarfulltrúi
Pírata og for-
maður stjórn-
kerfis- og
lýðræðisráðs
Reykjavíkur-
borgar

Á fundi sínum þann 23. júní síðastliðinn samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar einróma tillögu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um að stofnuð skuli rafræn þjónustumiðstöð í borginni. Um er að ræða nýja stjórnsýslueiningu sem verður leiðandi í vinnu við að samræma rafræna þjónustu milli mismunandi sviða borgarinnar, finna þar úrbótatækifæri og nýta þau.

Sú ákvörðun að stofna rafræna þjónustumiðstöð er í góðu samræmi við ábendingar sem finna má í skýrslu sem starfshópur um þjónustuveitingu borgarinnar skilaði í fyrra. Þar kemur fram að rafræn þjónusta eigi að vera augljós fyrsti kostur fyrir þjónustugegja borgarinnar en svo sé ekki eins og er. Rafræn þjónusta hafi á undanföllum árum aukist eitthvað en þó ekki eins hratt og æskilegt væri. Einnig kemur fram að þjónusta borgarinnar er nú skipulögð þannig að íbúar þurfa að hafa umtalsverða innsýn í skipulag Reykjavíkurborgar til að vita hvert þeir eiga að leita eftir þjónustu.

Rafræn þjónusta er nærþjónusta
Rekstur sveitarfélaga snýst að stórum hluta um nærþjónustu; þjónustu sem er eins nálægt þeim og nýtur hennar og mögulegt er.

Á netvæddum tímum í landi þar sem langflestir hafa aðgang að netinu og nota það að staðaldri (núorðið í gegnum síma sem alltaf er í vasanum) er augljóst mál að vel útfærð rafræn þjónusta er eins mikil nærþjónusta og kostur er á. Það er því eðlilegt að gera þá kröfu að sveitarfélög taki rafræna þjónustu alvarlega í því skyni að spara íbúum sínum spor og umstang við að sendast á milli stofnana til að fá upplýsingar eða skila inn eyðublöðum. Í þessu felst líka hagkvæmni fyrir rekstur sveitarfélagsins sjálfs.

Nærþjónusta snýst þó ekki bara um þægindi og hagkvæmni heldur er hún líka mikilvæg út frá umhverfissjónarmiðum. Í drögum að loftslagsstefnu borgarinnar sem lögð voru fram á fundi borgarstjórnar þann 21. júní síðastliðinn má finna þau markmið að stefnt verði að því að draga úr samgöngum með áherslu á rafræna þjónustu og að önnur þjónusta verði veitt sem næst notendum eða gerð aðgengileg með vistvænum fararmáta innan hvers borgarhluta.

Frelsun gagna og snjallborgin Reykjavík

Rafræn þjónusta felur meðal annars og ekki síst í sér rafræna upplýsingagjöf; samþættingu og frelsun gagna. Ýmsar borgir víða um heim hafa til dæmis unnið eftir módeli sem kallast Snjallborgir (Smart cities), en það snýst um að sameina gögn úr ólíkum gagnagrunnum er tengjast innviðum borgarinnar og nota þau til að bæta þjónustu, auka lífsgæði íbúa og draga úr sóun. Í þessu felst meðal annars að koma upp skynjorum sem afla gagna um þjónustu borgarinnar sem síðan er hægt að nýta til að bæta hana. Einfalt dæmi um slíkt væri ruslafötur sem skynja hversu mikið er í þeim hverju sinni, sem hjálpar til við að vita hvernig er best að dreifa þeim og hvenær er best að tæma þær.

Hjá Reykjavíkurborg hefur ýmis stefnumótun sem og verkefni verið í gangi í þessa veru. Til að mynda hefur verið að störfum starfshópur um snjallborgarvæðingu borgarinn-

ar sem hefur kortlagt tækifærin sem í þessu felast og lagt fram tillögur um heppileg tilraunaverkefni á þessu sviði. Samstarfssamningur sem Gagnaveita Reykjavíkur (dótturfélag Orkuveitunnar) gerði fyrir á þessu ári við Cisco Systems snýst síðan meðal annars um að áhugasómum fyrirtækjum og opinberum aðilum er boðið að nýta ljósleiðara Gagnaveitunnar til prófunar á snjalllausnum hvers konar.

Með slíkri söfnun og samþætt-



Allt í allt gefst þannig með rafrænni þjónustumiðstöð frábært svigrúm til að vinna þvert á kerfið í þágu þess að lyfta rafrænni þjónustu við íbúa og starfsfólk borgarinnar upp á hærra stig.

ingu gagna gefast líka mörg tækifæri til að opna gögnin í þágu gagnsæis og til þess að gefa öðrum færi á að nýta sér gögnin á skapandi hátt. Borgin hefur með ýmsum hætti, meðal annars í nýrri upplýsingastefnu, markað sér skýra stefnu um að opna gögn borgarinnar og þverpólitísk samstaða hefur ríkt um það markmið. Á þessu kjörtímabili hefur verið unnin áætlun um innleiðingu rafrænnar gagnagáttar um fjármál borgarinnar og opinna gagna

almennt – en hægar hefur gengið að vinna eftir henni en vonir stóðu til. Þess vegna er opnun gagna eitt af því sem rafrænni þjónustumiðstöð er falið að hafa umsjón með.

Allt í allt gefst þannig með rafrænni þjónustumiðstöð frábært svigrúm til að vinna þvert á kerfið í þágu þess að lyfta rafrænni þjónustu við íbúa og starfsfólk borgarinnar upp á hærra stig – eins og almenn samstaða ríkir um að sé nauðsynlegt.



ERT ÞÚ Í NÝSKÖPUN? Ný tækifæri með nýjum lögum

Kynningarfundur um breytt umh verfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi, Húsi atvinnulífsins í Borgartúni 35, föstudaginn 1. júlí kl. 8.30–10.00

Dagskrá

- Opnunarávarp
– Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Lög um fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti
– Steinar Örn Steinarsson og Ingibjörg Helga Helgadóttir, Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Endurgreiðslur r&þ kostnaðar
– Sigurður Björnsson, Rannís
- Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki, lög nr. 152/2009
– Pétur Már Halldórsson, Nox Medical
- Skattalegir hvatar vegna fjárfestinga í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja og umbætur í skattalegri meðhöndlun kaupréttta og skuldabréfa
– Íris Ólafsdóttir, Kúla 3D
- Skattalegir hvatar til erlendra sérfræðinga og hærri þök á endurgreiðslur r&þ
– Hilmar Veigar Pétursson, CCP

Umræður

Fundarstjóri: Davíð Lúðvíksson, SI

Fundurinn er öllum opinn. **Skráning á www.si.is**



EM LEIKUR

SÍÐASTI SJENS!

ÁFRAM ÍSLAND!

Kauptu NOTAÐAN BÍL af Brimborg og þú gætir unnið ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM

Langar þig á úrslitaleikinn?



Verð: 3.790.000 kr.

Tilboðsverð: 3.390.000 kr.

Ford Kuga Titanium AWD GGJ84
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 108.000 km.



Verð: 8.490.000 kr.

Tilboðsverð: 7.290.000 kr.

Toyota Land Cruiser 200 VX ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín/metan, sjálfskíptur.
Ekinn 131.000 km.



Verð: 3.250.000 kr.

Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

Citroën Berlingo Multispace DHE30
Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 45.000 km.



Verð: 3.190.000 kr.

Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

Citroën C4 Picasso Seduction MAZ91
Skráður febrúar 2015, 1,6HDI dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 49.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 1.090.000 kr.

Tilboðsverð: 990.000 kr.

Ford Fusion Trend PI155
Skráður janúar 2007, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 130.000 km.



Verð: 5.990.000 kr.

Ford Expedition Limited NEU58
Skráður júní 2011, 5,4i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 119.000 km.



Verð: 2.690.000 kr.

Tilboðsverð: 2.540.000 kr.

Renault Clio Expression HZK29
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 33.000 km.



Verð: 3.190.000 kr.

Tilboðsverð: 2.850.000 kr.

Volvo V40 Kinetic TBM05
Skráður apríl 2014, 1,6D2 dísil, beinskíptur.
Ekinn 64.000 km.



Verð: 1.890.000 kr.

Tilboðsverð: 1.790.000 kr.

Ford Fiesta Titanium NPF32
Skráður september 2012, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 33.500 km.



Verð: 6.790.000 kr.

Tilboðsverð: 6.390.000 kr.

Hyundai Santa Fe II Premium BOL38
Skráður apríl 2014, 2,2 TDCi dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 43.000 km.



Verð: 5.990.000 kr.

Volvo XC60 Summum HBG65
Skráður maí 2014, 2,4D4 dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 90.000 km.



Verð: 6.790.000 kr.

Tilboðsverð: 6.390.000 kr.

Volvo XC90 Momentum BOM59
Skráður desember 2012, 2,4D5i dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 107.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítokuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

NOTADIR.BRIMBORG.IS

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17.

brimborg

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 8. til 30. júní fara í pott (athugið á ekki við um umboðssölubíla). Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 1. júlí. Í vinning er ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM í knattspyrnu 2016 þann 10. júlí. Innifalið er flug með Ícelandair, gisting á glæsilegu hóteli og tveir miðar á úrslitaleikinn. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á notadir.brimborg.is.

Öruggur staður til að vera á



Draumasóknin skilaði sigri

Óánægðir Bretar buðu upp á Brexit 1.0 en aðeins nokkrum dögum síðar bjó súpersókn íslenska fótbolta-landsliðsins til Brexit 2.0 og sendi súra Englendinga enn einu sinni snemma heim af stórmóti í fótbolta.

FÓTBOLTI 25 sekúndur af tærri sníll. Íslenska fótbolta-landsliðið að sundurspila ensku vörnina og sækja sigurmark og sæti í átta liða úrslitum. Fjórtán mínútum fyrr voru margir enn einu sinni búnir að afskrifa liðið eða þegar markvörðurinn Hannes Þór Halldórsson fékk á sig vítaspyrnu og Wayne Rooney kom Englandi í 1-0.

Víkingarnir frá Íslandi eru ekki saddir og ekki tilbúnir að fara heim. Þeir sönnuðu enn á ný úr hverju þeir eru gerðir. Það er öllum heiminum ljóst eftir svar íslensku strákanna við þessari martraðarbyrjun á Allianz Riviera leikvanginum í Nice.

» Allir átta strákarnir sem komu að sigurmarkinu gegn Englandi hafa annaðhvort skorað eða lagt upp mark á EM í Frakklandi.

Mörk íslenska liðsins á Evrópumótinu hafa vissulega verið dæmigerð mörk fyrir lið sem hefur boltann ekki mikið og þarf að nýta föst leikatriði, langar sendingar og skyndisóknir til að skapa sér sin færi. Jú, það var ein löng sending fram og fyrirgjöf sem skil-

aði markinu á móti Portúgal, markið á móti Ungverjum kom úr víti sem var dæmt eftir hornspyrnu, íslenska liðið skoraði eftir langt innkast og skyndisókn í sigrinum á Austurríki og jafnaði metin á móti Englandi eftir annað langt innkast fyrirliðans Arons Einar Gunnarssonar.

Sóknin fyrir sigurmarkið á móti Englendingum er hins vegar ein allra fallegasta sókn Evrópumótsins. Íslenska liðið átti níu send-

ingar áður en Kolbeinn Sigþórsson kom boltanum fram hjá Joe Hart í enska markinu. Það sem meira er, átta af ellefu leikmönnum íslenska liðsins áttu þátt í undirbúningnum og það var Kolbeinn sjálfur sem kom sókninni af stað við miðlinuna áður en hann kom sér inn í teiginn til að fá stoðsendinguna frá Jóni Daða Böðvarssyni.

Það sem er flott að sjá er að áfallið í lok leiks á móti Ungverjalandi hefur aðeins styrkt íslenska liðið sem hefur í raun bætt leik sinn með hverjum leik á Evrópumótinu. Hér á síðunni má sjá hvernig íslenska liðið tryggði sér sigurinn í Nice. ooj@frettabladid.is

Pepsi-deild karla í fótbolta

Fylkir - Víkingur R. 1-0

1-0 Jose Enrique Seoane (81.).

Fyrsti sigur Fylkismanna í Pepsi-deildinni í sumar kom í niunda leik liðsins í gær. Sito kom inn á sem varamaður og skoraði sitt fyrsta deildarmark í sumar.

Víkingur Ó. - Þróttur 3-2

0-1 Brynjar Jónasson (1.), 0-2 Vilhjálmur Pálmason (3.), 1-2 Hrvoje Tokic (40.), 2-2 Alfiréð Már Hjaltalin (84.), 3-2 Aleix Egea (90.)

Þróttarar skoruðu tvö mörk á fyrstu 124 sekúndunum en fóru samt stígalausir heim úr Ólafsvík. Ólsarar skoruðu tvö mörk á síðustu sex mínútunum og tryggðu sér þrjú stig og þriðja sætið í deildinni.

Efst	Neðst	
FH	20	Valur 11
Fjölpir	19	Víkingur R. 11
Víkingur Ó.	17	KR 9
Breiðablik	16	ÍA 7
Stjarnan	14	Þróttur 7
ÍBV	13	Fylkir 5

» Fallegt hvað fótbolti fyllir fólk barnslegri bjartsýni... sbr. allar einlægu óskirnar á samfélagsmiðlum um aukamiða á leikinn.

Stefán Pálsson
@Stebbip

AÐEINS EINN HEFUR LAGT UPP FLEIRI MÖRK EN KÁRI Á EM

Kári Árnason, miðvörður íslenska landsliðsins, er í 2. til 5. sæti yfir þá sem hafa gefið flestar stoðsendingar á EM í Frakklandi nú þegar bara á eftir að spila sjö leiki. Kári hefur lagt upp mark í síðustu tveimur leikjum Íslands sem báðir unnst. Hann skallaði innkast Arons Einarssonar á Jón Daða Böðvarsson í sigrinum á Austurríki og skallaði síðan eftir annað innkast Arons áfram á Ragnar Sigurðsson í sigrinum á Englandi. Það er bara Belginn Eden Hazard sem hefur gefið fleiri stoðsendingar en Kári eða þrjár. Þeir Kevin De Bruyne (Belgiu), Cristiano Ronaldo (Portúgal) og Aaron Ramsey (Wales) hafa allir gefið tvær stoðsendingar eins og Kári.



Í dag

19.15 Fylkir - KR Sport 2
19.30 ÍA - Stjarnan Sport
22.00 Pepsi-mörkin Sport

16.30 Valur - Þór/KA Valsvöllur
18.00 ÍBV - Breiðablik Eyjar
19.15 Selfoss - FH JÁVERK-völlur
19.15 Fylkir - KR Floridana v.
20.00 ÍA - Stjarnan Norðurálsv.

Sendingar strákanna okkar í sigurmarkinu

- Ragnar Sigurðsson á Kolbein Sigþórsson
 - Kolbeinn Sigþórsson á Birki Bjarnason
 - Birkir Bjarnason á Kolbein Sigþórsson
 - Kolbeinn á Aron Einar Gunnarsson
 - Aron Einar á Birki Má Sævarsson
 - Birkir Már á Jóhann Berg Guðmundsson
 - Jóhann Berg á Gylfa Þór Sigurðsson
 - Gylfi Þór á Jón Daða Böðvarsson
 - Jón Daði á Kolbein Sigþórsson
- Kolbeinn Sigþórsson skorar fram hjá Joe Hart í marki enska landsliðsins.

Hleypur með boltann

Sending




Skot



18. mínúta

Allianz Riviera leikvangurinn í Nice í Frakklandi, 27. júní 2016.

Kolbeinn Sigþórsson kemur Íslandi í 2-1 á móti Englandi í 16 liða úrslitum EM.



EM tilboð!



30% afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI

meðan birgðir endast



Kaliber
PREMIUM GRILL

30%
AFSLÁTTUR

Kaliber KG-1503 gasgrill

3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm², 9KW

CE/GS
VOTTUN

30.730

verð áður kr. 43.900*

Made by Lavor



10.493

verð áður kr. 14.990*

**Lavor One
Plus 130
háþrýstidæla**

130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi & Turbóstútur.



30%
AFSLÁTTUR



Leca blómapottamöl 10 l.

30%
AFSLÁTTUR

630

áður kr. 900



Gróðurmold 20 l.

490 kr

Tilboð: Kaupir 4
poka, greiðir fyrir 3




30%
AFSLÁTTUR

Cibon Strákústur 45cm

1.183

áður kr. 1.690 einnig
til 60 cm á kr. 1.327

Margar stærðir og
gerðir með afslætti



Cibon #1630 Hellubursti
framlengjanlegt skaft

1.187

áður kr. 1.695



30%
AFSLÁTTUR

Drive ZD90A-20L
Ryk- og blautsuga
1400W, 20 lítrar
rafmagns innstunga

10.493

áður kr. 14.990

Landora tréolía 3 l.

1.883

áður kr. 2.690



30%
AFSLÁTTUR

Portúgalskir leirpottar í úrvali Gæðavara 30% afsláttur

Undirdiskar fánlegir



30%
AFSLÁTTUR

30%
AFSLÁTTUR

Drive Fjölnotatæki 300W

5.593

áður kr. 7.990

LLA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m

11.893

áður kr. 16.990

30%
AFSLÁTTUR

Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18

*Þessi vara var með 20% afslætti frá fyrra verði, en nú með viðbótar EM 10 prósentustiga afslætti.



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Gott að hafa Eddu öskrandi á hliðarlínunni

Hin sautján ára gamla Ásdís Karen Halldórsdóttir hefur átt þátt í fjórum af sjö mörkum KR-kvenna í sumar og skoraði tvö mörk í ótrúlegum endurkomusigri liðsins í síðustu umferð. KR-konur unnu þá eina sigur félagsins í júnimánuði.

FÓTBOLTI Ásdís Karen Halldórsdóttir og félagar í kvennaliði KR afrekuðu það í júní sem karlaliðinu tókst ekki – að vinna leik. Sá sigur var ekki aðeins fyrsti sigur KR-liðsins í Pepsi-deild kvenna í sumar heldur örugglega einn sá dramatískasti á öllu fót-boltasumrinu hér heima.

Það stefndi þó allt í sigur Selfoss tólf mínútum fyrir leikslok þegar staðan var 3-1 fyrir gestina frá Selfossi. Ungu stelpurnar í KR-liðinu tóku það hins vegar ekki í mál að tapa aftur á heimavelli eins og á móti FH á dögunum.

Erum með sterka karaktera

„Ég eiginlega veit ekki hvernig við fórum að þessu. Mér fannst við ekkert vera síðri í leiknum en þær komast samt í 3-1. Það var bara góður karakter hjá okkur að ná að vinna þetta upp,“ segir Ásdís og bætti við: „Við náðum góðu stigi á móti bæði Val og Þór/KA en hefðum kannski átt að vinna FH. Þetta var því mjög mikilvægur sigur,“ segir Ásdís.

„Við erum með góða liðsheild og erum bara með gott lið. Það er gaman að spila með þessu liði. Við erum með mjög sterka karaktera innan liðsins og auðvitað líka með góða leikmenn þó að við séum

ungar. Við sýndum það að allt er hægt með því að skora þrjú mörk á sjö mínútum. Það er hægt þó að við tryðum því kannski ekki alveg fyrir þennan leik,“ segir Ásdís. Ásdís Karen Halldórsdóttir gerði heldur betur sitt í leiknum því hún skoraði tvö mörk og jafnaði leikinn í bæði 1-1 og svo 3-3.

„Það er alltaf gaman að skora,“ segir Ásdís en dómari leiksins skráði þó fyrri markið ekki á hana þótt hún hafi skorað. „Ég skil það ekki alveg. Ég þarf að láta breyta þessu,“ sagði Ásdís Karen hlæjandi.

Hún hefur átt þátt í fjórum af sjö mörkum KR í sumar, skorað þrjú sjálf og átt eina stoðsendingu. Ekki slæmt fyrir sautján ára stelpu að stíga sín fyrstu skref sem lykilmáður í Pepsi-deild kvenna.

Edda mjög góður þjálfari

Edda Garðarsdóttir þjálfar KR-konur og Ásdís Karen er ánægð þjálfarann sinn. Það er hins vegar alltof sjaldgæft að konur séu að þjálfra í kvennadeildinni.

„Hún er mjög góður þjálfari. Hún er góð að peppa okkur upp fyrir leiki og svona. Það er líka gott að hafa hana öskrandi á hliðarlínunni. Við viljum vinna alla

leiki og þá sérstaklega hún. Við mætum í alla leiki til þess að vinna þá þegar hún er að þjálfra okkur. Við berum mikla virðingu fyrir því sem hún hefur afrekað og við vitum að hún kann þetta,“ segir Ásdís. En hver eru hennar markmið í sumar?

Viljum ekki vera í fallbaráttu

„Ég stefni alltaf að því að standa mig sem best og skora fleiri mörk. Fyrst og fremst er markmiðið sett á það að vinna fleiri leiki. Við viljum ekkert vera í fallbaráttu því það er ekki stefnan heldur að koma okkur ofar í töflunni. Ég geri bara allt sem ég get til þess að KR gangi vel,“ segir Ásdís.

Karlalið KR tapaði öllum leikjum sínum í júnimánuði og sigurinn á Selfossi var eini sigur félagsins í Pepsi-deildinni í mánuðinum. „Það er kannski meiri leikgleði í gangi hjá okkur en þeim, ég veit það ekki. Ég veit ekki alveg hvað er í gangi hjá þeim. Þær ættu kannski að taka okkur til fyrirmyndar,“ segir Ásdís Karen í léttum tón að lokum.

Næsti leikur KR er á móti Fylki í Árbæ í kvöld en sá leikur hefst klukkan 19.15 á Floridanavellinum og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport 2. ooj@frettabladid.is



Ásdís Karen Halldórsdóttir í leik með KR-liðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ekkert vandræðalegt við tapið í Nice

Síðan flautað var til leiksloka á Stade de Nice í fyrrakvöld og frækinn sigur strákanna okkar á Englendingum var staðreynd hafa enskir fjölmiðlar keppt við að gera lítið úr eigin landsliði. Vandræðalegasta tap sögunnar er orðið þreytt orðaval þeirra ensku sem gera lítið úr eigin liði. Skömmustulegasta stundin síðan Bandaríkjamenn lögðu Englendinga að velli á HM 1950, jafnvel skömmustulegri. Samanburðurinn er fátíðlegur.

Það er nákvæmlega ekkert vandræðalegt við það að tapa fyrir Íslandi, a.m.k. miðað við þann skilning sem enska pressan leggur í orðið. Það vandræðalega við tapið er að lið leyfi sér mögulega enn að vanmeta strákana okkar og átti sig ekki á því að þar fer lið sem hefur verið svo til óstöðvandi undanfarin fjögur ár. Okkar strákar hittu ekkert á einhvern undraleik. Þeir áttu finan dag en staðreyndin er sú að við erum með frábært lið.

Á mánudagskvöldið í Nice mætti enskt lið til leiks sem var stórt spurningamerki. Stjarnan í liðinu er löngu búin að missa það, já, Wayne Rooney. Hann er enginn miðju-maður og enska landsliðið, og Manchester United ef út í það er farið, mun ekki ná árangri með hann sem skipstjóra á miðjunni. Stjórnframerjar Englands eru tiltölulega nýtsprungin blóm og hafa ekki þurft að höndla pressu sem fylgir því að klæðast ensku treyjunnari á stórmóti. Það sást í Nice. Markvörður sem er ekki með neitt sjálfstraust. Þjálfari sem hefur ekki náð merkilegum árangri í langan tíma. Það var full ástæða til að ætla að leikur gegn Íslandi yrði erfiður, sem hann svo sannarlega varð.

Stuðningsmenn Englands voru samt fullir sjálfstrausts. Vissu líklega ekki betur. Þeir hefðu getað spurt Hollendinga, Tékkka, Tyrki, Svisslendinga og fleiri þjóðir en gerðu það ekki. Vissu þeir ekki af innköstum Arons Einarssonar? Wayne Rooney að dekka Kára Árnason inni á vítateig? Þvilikur brandari. Okkar menn mættu undirbúnir og



Íslensku leikmennirnir fagna sigri á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

þrátt fyrir verstu mögulegu byrjun varð fljótt ljóst að einstakt kvöld væri í vandum. Steve McClaren, fyrrverandi landsliðsþjálfari þeirra ensku, upplifði eina af mörgum vandræðalegum stundum í sjónvarpi þegar Kolbeinn Sigþórsson kom Íslandi yfir. Sekundubrot áður hafði McClaren rangnefnt hann og gert lítið úr íslenskum sóknarleik. Þvilik tímasetning.

Sannasta setningin í fótbolta er sú að lið spili ekki betur en andstaðingurinn leyfir. Englendingar



Dagbók

Kolbeinn Tumi Daðason fylgir karlalandslíði Íslands hvert fótmál á Evrópumótinu í Frakklandi og deilir upplifun sinni með lesendum.




virkuðu ráðalausir og örvæntingarfyllir. Það var ekki af því að þá langaði ekki til að vinna leikinn. Þeir áttu bara engin svör. Það sem gerir fótboltann svo skemmtilegan, og aðrar fjölmennar liðsþróttir, er hvað skipulag og samheldni getur skilað liðum góðum árangri óháð getu einstakra einstaklinga. Með þjálfara sem leikmenn bera virðingu fyrir og trú á er hægt að mynda stórkostlegt lið á borð við Ísland.

Vandræðalegt tap væri ef England hefði tapað fyrir Georgíu, Litháen eða annarri þjóð á þeim slóðum á heimslistanum þar sem Ísland var fyrir ekki svo löngu. Núna munar 23 sætum á þjóðunum og sá munur fer minnkandi. Þegar England tapaði fyrir Bandaríkjunum 1950 var, og er reyndar enn, lítið til Englands sem þjóðarinnar sem fann upp fótbolta en Bandaríkjamanna sem þjóðar sem hafði varla heyrt um fótbolta.

Úrslitin voru vandræðaleg í meira lagi. Ísland er langt frá sambærilegt við Bandaríkin 1950. Allir ættu að vera löngu búnir að átta sig á því að strákarnir okkar mynda sterkt landslið sem enginn skyldi vanmeta. Sérstaklega ekki Frakkar.

Miðaldadagarnir á Gásir

Medieval Days at Gásir
11 km north of Akureyri
15.-17. July 2016 11:00 - 17:00





OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II IN 18 CT WHITE GOLD

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. júní 2016

26. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Ákvörðuninni ekki haggæð

Sendiherra Breta segir stjórnvöld munu fylgja eftir ákvörðun þjóðarinnar um úrsögn úr Evrópu-sambandinu. Segir breska bankakerfið vel viðbúið þótt efnahagslegur óstöðugleiki ríki. Segir sigur Íslendinga á Englendingum verðskuldaðan og óskar Íslendingum góðs gengis gegn Frökkum.

»4



»2

40 þúsund gestir
Útlendingar flykkjast á sýninguna How to become Icelandic sem sýnd er í Hörpu.

»5

Rólegra yfir markaði
Ró færðist að nýju yfir markaði í Bretlandi í gær en pundið er enn veikara en áður.

»5

Ísland tekur dýfu
Ísland færir neðar á Social Progress Index sem mælir velsæld þjóða.

»6

Meiri verslun
Lars Christensen segir að minni þjóðernis-hyggja og meiri frjáls verslun myndi stuðla að auknum hagvexti.

»8

Útganga Breta
Stjórnarmaðurinn fjallar um Brexit I og Brexit II.



Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?

Velkomin í verslun okkar á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

Sjónmælingar (tímabantanir):

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500
Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811



Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Taktu vel á móti viðskiptavininum

Með HP RP9 kassakerfisláusninni

Með Intel® Core™ i5 örgjörva

M7J39AV



STILLANLEGUR SKJÁR



AUKASKJÁR FYRIR VIÐSKIPTAVINI



FJÖLDI TENGIMÖGULEIKA

Kraftmikil en nett lausn

Það fer ekki mikið fyrir HP RP9 kassakerfisláusninni, tekur lítið pláss á borði en afkastar miklu. RP9 kemur m.a. með 6. kynslóðar Intel® Core™ i5 örgjörva (M7J39AV) og getur tengst þráðlausu eða hefðbundnu neti, hentar allsstaðar þar sem þörf er á áreiðanlegri sambyggðri lausn.

Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

- Val um 15,5" eða 18,5" snertiskjá sem snýr að starfsmanni
- Val um allt að 14,1" snertiskjár sem snýr að viðskiptavini
- Fjölbreytt úrval aukahluta í boði

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/ eða öðrum löndum.

 **Opin Kerfi**
– allt er möglegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Jón Hákon
Halldórsson
jonhakon@365.is



Síðustu skoðanakannanir fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna sýndu allar nauman sigur aðildarsinna,“ segir Stuart Gill, sendiherra Breta á Íslandi. Visar hann til þess að jafnvel Nigel Farage, formaður sjálfstæðissinna (UKIP), hafi sagt að það væri útlit fyrir sigur aðildarsinna. En fyrstu niðurstöður frá Sunderland og Newcastle bentu ekki til sigurs aðildarsinna og allt eftir það var útlit fyrir að útgöngusinnar myndu hafa betur. „Ég held að þetta hafi komið mörgum á óvart,“ segir Gill.

Gill segir að það séu fáein atriði sem verði að hafa í huga varðandi niðurstöðuna. „Í fyrsta lagi er að breska þjóðin hefur talað og stjórnvöld framkvæma þá ákvörðun sem breska þjóðin hefur tekið, sem er að yfirgefa Evrópusambandið. Það er flókið og það mun ekki gerast í dag eða á skömmum tíma. Í dag erum við enn á sameiginlegum markaði Evrópusambandsins og allar reglur Evrópusambandsins eiga við um Bretland. Það breytist ekki og mun ekki breytast fyrr en við höfum samið um útgöngu og fengið nýjan samning, hver sem hann kann að verða,“ segir sendiherrann. Þetta ferli muni ekki hefjast fyrr en stjórnvöld hafi virkjað grein 50 í Lissabon-samningnum. Aður en það gerist muni David Cameron láta af embætti forsætisráðherra og nýr maður taka við leiðtogasætinu í Íhaldsflokknum.

Annað atriðið, segir Gill, er að jafnvel þótt það verði efnahagslegur óstöðugleiki þá hafi bæði forsætisráðherra, fjármálaráðherra og seðlabankastjóri sagt að stjórnvöld muni gera hvað sem þau geta til þess að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Og Mark Carney seðlabankastjóri hafi sagt að efnahagslífið sé sterkt, fjármálafyrirtækin sterk og vel fjármögnuð og geti þolað áföll.

Þriðja atriðið sem Gill nefnir eru tengslin milli Bretlands og Íslands. „Við erum enn í Evrópusambandinu og því munu tengslin milli Bretlands og Íslands ekki breytast. Tengslin milli ríkjanna tveggja eru sterk, bæði stjórnmálalega og viðskiptalega og við viljum sjá það halda áfram. Ég hef rætt þessi mál bæði við utanríkisráðherra og forsætisráðherra Íslands,“ segir Gill. Hann hafi þó ekki rætt öll smáatriðin við ráðherrana, enda blasi þau ekki við, en engu að síður hafi verið farið yfir stöðuna.

Efnahagsaðstæður betri

„Við erum í óvenjulegri stöðu. Þetta er ekki sama staða og í fjármálahrúninu. Munurinn er sá að nú erum við með sterkt undirliggjandi hagkerfi, bankakerfið er sterkt. Efnahagslífið er því vel viðbúið því sem kann að verða. Enginn segir að það verði ekki óstöðugleiki en við munum geta brugðist betur við en við gerðum í aðdraganda fjármálahrunsins,“ segir Gill um efnahagslegar afleiðingar þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Hvada stjórnmálalegu, félagsfræðilegu og efnahagslegu aðstæður eru það sem leiða til þessarar niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni?

„Þið eruð eyríki og við erum eyríki og þess vegna deilum við nokkrum einkennum. Evrópusambandið og aðild okkar að Evrópusambandinu hafa lengi verið grundvöllur umræðu,“ segir Gill. Hann segir ástæðu þess að breska ríkisstjórnin vildi nýjar viðræður um aðildina að Evrópusambandinu (áður en ákvæðið var að ganga úr því) hafi verið að það væri almennt viðurkennt að það væri lýðræðis-halli innan Evrópusambandsins og Evrópusambandið var orðið mikið skriffinnskubákn. Hann segir að félagsfræðilegar orsakir séu ef til vill flóknari. Niðurstaðan var ólík eftir landshlutum. Skotar greiddu



Stuart Gill, sendiherra Breta, horfði á leikinn gegn Íslandi á Hótel Plaza, en kom við í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útilokað að atkvæði verði greidd að nýju

Sendiherra Breta segir að stjórnvöld þar í landi muni hlíta niðurstöðu BREXIT-þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Telur allt aðrar aðstæður uppi í bresku efnahagslífi núna en á hrunárinu 2008. Segir marga þætti hafa ráðið niðurstöðu í BREXIT.

Óskar Íslendingum góðs gengis gegn Frökkum

Stuart Gill fylgdist spenntur með landsleik Íslendinga og Breta á mánudagskvöldið. Bretar horfðu á leikinn á Hótel Plaza í Reykjavík en Stuart Gill kom líka við á Arnarhóli þar sem um tíu þúsund

Íslendingar komu saman. Inntur eftir viðbrögðum við niðurstöðu leiksins sagði hann Íslendinga hafa verðskuldað sigurinn. „Vel gert Ísland, sigur ykkur var verðskuldaður. Gangi ykkur vel gegn

Frakklandi. Áfram Ísland,“ sagði hann. Á Twitter-síðu sinni sagði hann líka: England tapaði en sólin kemur upp á ný á morgun. Biðum við – hér á Íslandi sest hún reyndar alls ekki.

Vel gert Ísland, sigur ykkur var verðskuldaður. Gangi ykkur vel gegn Frakklandi. Áfram Ísland.

Stuart Gill, sendiherra Breta

atkvæði með aðild en í Wales var greitt atkvæði gegn. Þetta er mjög flókið mál og snýst um lýðfræði, hagfræði, innflytjendur, skynjun fólks og líka hvernig kosningabaráttan var hönnuð. Þetta er flókið mál og við lærum af því,“ segir Gill. Hann segir of snemmt að segja til um hvort Bretland muni liðast í sundur. „Nú er spurningin hvað Skotar og skoska þingið gerir,“ segir hann en bætir við að þetta muni skýrast í fyllingu tímans.

Vonast eftir sömu samskiptum

Gill segist vonast til þess að niðurstaðan hafi ekki áhrif á samskipti Íslands og Bretlands. „Við gengum í gegnum erfiða tíma eftir bankahrunið. Þá vorum við með Icesave en núna erum við búin að leysa það mál,“ segir Gill. Samskipti ríkjanna séu góð. Andrúmsloftið sé allt annað og betra en í Icesave-deilunni og í samskiptum ríkjanna geti falist góð viðskiptatækifæri. Hins vegar sé ljóst að Bretar ætli sér að eiga náin tengsl við vini sína og hann hafi lagt áherslu á það þegar hann ræddi við Lilju Alfreðsdóttur utanríkisráðherra á föstudaginn. „Við þurfum að ákveða hvaða skref við munum taka en við ætlum að eiga náin samskipti við vini okkar og ég er bjartsýnn.“

Á mánudagsmorgun höfðu 3,5 milljónir Breta skrifað undir áskorun þess efnis að ný þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um útgöngu eða aðild þjóðarinnar að Evrópusambandinu. Gill telur útilokað að slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram aftur. „Nei, ég ítreka það sem ég sagði í byrjun að breska þjóðin hefur talað,“ segir hann.

Gill telur vissulega að flóttamannamál hafi haft áhrif á niðurstöðuna en telur ekki að einn þáttur hafi ráðið meiru en annar. „Innflytjendamálin voru hluti af þessari baráttu og ég sagði við þig ádan að baráttan snerist um nokkra hluti. Innflytjendamálin voru klárlega einn af þáttunum.“

Breyttar aðstæður

Blaðamaður snýr umræðunni að öðru, því Gill hverfur frá Íslandi í ágúst. „Ég er búinn að vera hérna í nærri fjögur ár og hef haft það virkilega gott,“ segir Gill. Hann segir að starfið sjálft sé mjög heillandi en það hafi líka margt breyst síðan hann kom hingað. „Þegar ég kom hingað var Icesave í fullum gangi og við í deilum. Þið voruð í samningaviðræðum við ESB. Nú þegar ég er að fara hafa hlutirnir breyst. Icesave er frá og Evrópusambandsmál eru núna okkar viðfangsefni en ekki ykkar. Þetta hefur verið áhugavert og ég hef átt góð samskipti við alla hérna, jafnvel þegar viðfangsefni hafa verið erfið,“ segir hann. Þá segir hann þau hjónin hafa notið þess að búa á Íslandi.

Ferðapjónustan hefur blómstrað á þeim tíma sem Gills hefur verið hérna og einn af hverjum fimm ferðamönnum sem hingað koma eru Bretar. Gill segir þetta hafa haft áhrif á starf sitt. „Já, þegar fleiri Bretar koma til landsins þá breytir það auðvitað miklu. Við erum í samskiptum við fleira fólk sem tapar vegabréfinu sínu eða lendir í einhvers konar vandræðum. Og ég nýt þess að eiga samskipti við breska ferðamenn sem koma hingað,“ segir Gill sem mun fara til starfa á Möltu. „Ég fer því úr einu mjög fallegu, en dálítið köldu landi, yfir í annað fallegt, en töluvert hlýrra land,“ segir hann. Hann ítrekar hversu þakklátur hann er fyrir dvöl sína hér á landi. „Takk fyrir og bless bless.“

HÁPUNKTUR HROSSARÆKTANDANS

Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal hófst á mánudaginn en hápunktur þess er um helgina. Þangað stefna átta til tíu þúsund áhorfendur til að berja augum um 500 knapa og um 700 hesta. Ein þeirra sem hafa fylgst með frá fyrsta degi er **Lilja Pálmadóttir** hrossaræktandi á Hofi á Höfðaströnd. Fjögur hross úr hennar ræktun koma fram á mótinu í ár.

Lilja var mætt í áhorfendabrekkuna strax á mánudagsmorgni þegar fram fór forkeppni í B-flokki gæðinga. „Ég er hér alla dagana og reyni að sjá sem mest eins og ég geri alltaf á landsmóti,“ segir Lilja sem er nú í fyrsta sinn með hross úr eigin ræktun á landsmóti, bæði í kynbótasýningunni og gæðingakeppni. Þetta eru Hagur frá Hofi á Höfðaströnd í flokki 5 vetra stóðhesta, Gæra frá Hofi í flokki fjögurra vetra hryssna og Náttúra frá Hofi sem keppir í A-flokki gæðinga. Tamningakona Lilju, Barbara Wenzl, ríður öllum hrossunum. „Þá verður Grámann frá Hofi sýndur í svokölluðum úrvalsflokki þar sem sýnd eru hross sem eru með 9,5 eða 10 fyrir einhverja eiginleika,“ upplýsir Lilja en Grámann er með 9,5 fyrir skeið. „Þetta er æðislegt og alger hápunktur fyrir ræktanda að koma sinni ræktun inn á landsmót,“ segir Lilja glaðlega en viðurkennir að hún fái fiðrildi í magann meðan hún bíður eftir að hrossin hennar komi í brautina. „En aðallega er þetta mikil ánægja og maður finnur fyrir stolti.“

FAGURT LANDSMÓTSSVÆÐI

Margir hafa komið að skipulagningu mótsins sem Landsmót ehf. stendur að ásamt Gullhyl ehf. sem er samstarfsfélag hestamannafélaganna í Skagafirði. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir, gerður var nýr kynbótavöllur, áhorfendamanir, kerruplan og ýmislegt fleira.

Lilja sjálf hefur komið nokk-

“Ég er hér alla dagana og reyni að sjá sem mest eins og ég geri alltaf á landsmóti.

Lilja Pálmadóttir

uð að undirbúningi mótsins og hefur léð næmt auga sitt fyrir hinu fagra til að setja lokapunkt á ásýnd svæðisins. „Við hjálpumst nú bara að hér í sveitinni en ég hef fengið að skipta mér heilmikið af,“ segir hún glettin en gerir fremur lítið úr sínu hlutverki. Hún segist hafa komið með hugmyndir varðandi heildarásýnd svæðisins, til dæmis að hafa vellina með skeljasandi og hafa brautirnar bjartar og léttar á litinn sem skipti miklu máli. „Svo tókum við Gunnar Dungal okkur til og eyddum heilum degi í að flytja tré úr Hólaskógi og endurplöntuðum þeim hér við enda svæðisins til að ramma það inn.“

Umgjörðin um landsmótið í ár er stórbrotin. „Hólar eru í þessari fallegu skál og há fjöll umlykja svæðið,“ segir Lilja og telur landsmótssvæðið á Hólum að mörgu leyti sniðugt. „Hér er stutt á milli keppnisvallar, tjaldsvæðis og bílastæða. Þá getur maður séð kynbótabrautina og keppnisbrautina í einni sjónhendingu. Það skiptir máli að hafa þetta svona samanþjappað.“

Nokkrar efasemdaraddir voru

Nokkrar staðreyndir um Landsmót á Hólum 2016

- **Keppendur:** um 500
- **Kynbótahross:** um 170
- **Keppnishross:** um 540
- **Gestir:** 8 til 10 þúsund, þar af um tvö þúsund erlendir
- **Starfsmenn:** um 250

uppi um staðsetninguna í byrjun en Lilja telur að svæðið henti mjög vel. „En auðvitað þarf að spyrja að leikslokum hvernig gengur, til dæmis með umferðina. En það hefur hver staður sína styrkleika og veikleika. Í heildina er umgjörðin mjög vel heppnuð og stemmingin á þessum stað mjög góð.“

FJÖLSKYLDAN SAMAN

Lilja deilir hestaáhuganum með manni sínum, Baltasar Kormáki, og börnum þeirra. „Við verðum hér öll meira og minna með annan fótinn en krakkarnir eru svo vanir því að hanga á landsmóti dagana langa,“ segir hún og hlær. Fjölskyldan gistir heima enda stutt að fara að Hofi á Höfðaströnd þar sem Lilja og Baltasar hafa byggt upp stórmyndarlegan hestabúgarð.

En hverju hlakkar hún mest til að fylgjast með á landsmótinu? „Allri keppninni í A- og B-flokki og að sjá hrossin mín í kynbótabrautinni. Annars er gaman að fylgjast með öllu og svo gefur það upplifuninni aukavídd að horfa á íslenska hesta í íslenskrri náttúru.“

solveig@365.is



Lilja á góðri stundu í Hjaltadalnum með stórbrotin fjöllin í bakgrunni.

Augnheilbrigði

Þurr augu?



Tvöföld virkni
Sex sinnum lengri ending

Nýtt

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.



TREHALÓSI

Finnst í mörgum jurtum og hjálpar þeim að þrífast við þurrar aðstæður. Trehalósi verndar frumurnar og gerir þeim kleift að starfa með fullum afköstum.



HÝALÚRONSÝRA

Er að finna í augnum og hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda tárafóvnum á yfirborði augans.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision



Jónína sækir innblástur til fjörunnar í kringum vitann.



Þessi mynd var tekin þegar Jónína var að setja upp listaverkið í vitanum.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

LISTAVERKIÐ FER Í SVEIG UPP VITANN

Jónína Guðnadóttir listakona opnar allsérstæða sýningu í vitanum á Akranesi á föstudag. Sýningin kallast BREIÐ og dregur nafn sitt af Breiðinni þar sem vitinn stendur. Sýningin hefur verið tvö ár í smíðum.

Jónína segir að þetta hafi verið skemmtilegt ferli. Hugmyndin hafi kviknað þegar hún var stödd í vitanum ásamt fermingarsystkinum sínum árið 2014. „Ég hafði ekki komið í vitann frá því ég var smástelpa. Það var ótrúleg tilfinning sem ég varð fyrir þar sem ég stóð í miðjum stiga á milli hæða. Mig hefur alltaf langað til að gera eitthvað óhefðbundið og fékk þessa bráðsnjöllu hugmynd. Vitinn höfðaði strax til mín og ég hugsaði með mér að þarna vildi ég hafa sýningu,“ greinir hún frá. „Ég ólst upp á Akranesi frá fjögurra ára aldri og þarna liggja rætur mínar. Við bjuggum við ströndina og hún var mitt leiksvæði. Vitinn heillaði mig. Ég veit hins vegar ekki til þess að haldin hafi verið sýning í gegnum heilan vita áður,“ segir Jónína. „Þetta er eitt verk sem heitir Breið og það fer alla leið upp í loft,“ bætir hún við.

Jónína hefur verið að undirbúa sýninguna af miklum krafti undanfarið en það er flókið mál að hengja upp listaverk á óvenjulegum stað. „Verkið fer í sveig í gegnum vitann og er 35 metrar. Þeir sem ekki

Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður opnar sýninguna BREIÐ föstudaginn 1. júlí nk. kl. 16.00. Sýningunni lýkur 30. ágúst.

ur árum. „Útfærslan var töluverð heilabrot. Ég breytti engu í vitanum, mig langaði að hafa sýninguna í þessu grófa umhverfi og þurfti því að laga mig að því. Þetta er búin að vera einstaklega skemmtileg vinna.“

STRÖNDIN HEILLAR

Ekki er ólíklegt að upphaflega hafi ströndin orðið Jónínu innblástur til frekari listsköpunar. Hún segir í sýningarskrá að leikir í fjörunni hafi verið endalaus uppspretta verkefna þegar hún var á barnsaldri. „Ég hafði mikla þörf fyrir að teikna, raða saman fjörusteinum og byggja úr þeim ýmis mynstur og götur. Einnig þótti mér mikil applifun að sjá hafið og fjöruborðið, sérstaklega er mér minnisstætt þegar það sem ég var að bauka við skolaðist burt í aðfalli og eftir var slétt, blaut og yndisleg fjaran, ósnortin eins og í upphafi og tilbúin fyrir næstu tilraunir.“

Verk Jónínu eru meðal annarra skúlptúrinn Himnaríki á Jaðarsbökkum á Akranesi og umhverfisverkið Hringiða við Kárahnjúka. elin@365.is

treysta sér til að ganga upp geta skoðað sýninguna á neðstu hæð en þar er ég jafnframt með myndband frá efri hæðum. Að auki verð ég með slide-myndasýningu um aðdraganda sýningarinnar. Sú myndasýning hefur verið unnin á átta mánuðum, þar á meðal á vinnustofu minni.“

HRINGRÁS LÍFSINS


Jónína leitar til hafsins og fjörunnar í hugmyndavinnunni. „Mínar bernskuminningar koma fram í sýningunni sem speglar hringrás lífsins við fjöruborðið. Á fyrstu hæðinni eru fiskar, sjávardýr, skeljar og kuðungar. Á næstu hæð er fjaran og fuglar sem þar dvelja. Síðan er efsta hæðin með farfuglum sem eru að fljúga burt. Hugsunin er flód, fjara og fuglar,“ útskýrir Jónína sem segist hafa byrjað undirbúning fyrir tveim-

LITHIUM POWER STARTTÆKI

Nýtt!

Byltingarkennd nýjung!

Tilvalið með í sumarfríð.



Snjalltæki til að bjarga þér ef bíllinn verður rafmagnslaus á bílastæðinu eða úti á vegum. Bjargvættur sem er fyrirferðalítill (420 gr.) og einfaldur í notkun. Startar flestum bensínvélum og diesel vélum upp að 2,0 lítra. Hleður alla síma, ípadinn, fartölvuna og öll tæki með USB tengi. Innbyggt öflugt led ljós. Straumur út: 5v 2A fyrir síma og ípad, 19v 3,5A fyrir fartölvur, startkraftur allt að 400 Amper. Lithium rafhlaðan er 12.000 mAh.

Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is




Ljósanótt í Reykjanesbæ

Menningar- og fjölskylduhátíð

1.- 4. september

ljosanott.is



SÍÐASTI SÉNS

Er taskan tilbúin?

Flug og hótél
í 1 viku frá
29.599,-
á mann



Allt innifalið í Alanya

Bon Apart Sealine **👍👍👍**

Alanya - Tyrklandi

Á þessu hagkvæma fastagestahótelinu býrðu miðsvæðis í Alanya og stutt er í allt það sem bærinn hefur upp á að bjóða. Þú dvelur í nútímalegum tveggja herbergja svítum og við líflegt sundlaugarsvæðið er lítil vatnsrennibraut.

→ Í kvöld 29.júní frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **49 599,-**

→ 6.júlí 2016 frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **69 599,-**

→ 13.júlí 2016 frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **59 599,-**



10.000 m² vatnaparadís

Pegasos World **👍👍👍👍**

Side - Tyrklandi

Vinsælasta hótél Nazars! Hér færðu risastóran vatnsskemmtigarð, stærstu sundlaug Miðjarðarhafsins sem er 10 000 m², gyllta strönd, nýuppgerð herbergi fyrir allt að fimm manns, bragðgott „allt innifalið“ prógram og Nazars eigin barnaklúbba – og allt er þetta innifalið í verðinu!

→ Í kvöld 29.júní frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **99 599,-**

→ 6.júlí 2016 frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **109 599,-**

→ 13.júlí 2016 frá Keflavík

Allt innifalið í viku frá **99 599,-**

Ekki bíða með að bóka - takmarkaður fjöldi sæta!



World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

nazar



NÝR BÍLL
HYUNDAI SANTA FE PREMIUM PANORAMA 7 MANNA
Árg.2016,dísel,sjálfskiptur. Okkar verð 7.990.000.- Sambærilegur bíll í umboði kostar kr.9.290.000.-
Skoðum skipti á ódyrari. www.bilalif.is.
Rnr.127670. Er á staðnum,tilbúinn til afhendingar. Bílalíf Bílasala S:562-1717.



CHEROKEE INDIÁNAHÖFÐINI!!
'15 JEEP GRAND CHEROKEE LTD. EK 18 P.KM, 3,6L BENSÍN, SJÁLFSK, ÁSETT 8.880 PÚS.....EINS OG AÐ FLJÓTA Á SKÝJ!!!! #470864



35" AMERÍSKA SÓFASETTI
'13 FORD EXPEDITION 4X4 EL LTD 35". EK 38 P.KM, 5,4L BENSÍN, SJÁLFSK, ÁSETT 13.980 PÚS.....FLEIRI ORD ERU OPÖRF!!! #451674



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
FORD ESCAPE LIMITED 4WD árg. 2007 ek. 155 Pkm, sjálfsk, leður, álfegur ofl. mjög gott eintak, tilboðsverð 890 þús möguleiki á 100% vísaláni, gsm 893-9500



SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.
Uppblásnrí slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA
Erum að rífa flestar teg. frá Asíu og Evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



RAUÐNAKKA DRAUMURINN!
'14 GMC SIERRA DENALI 1500. EK 41 P.KM, 5,3L bensín, sjálfsk. ÁSETT 9.480 PÚS....WATCHING NASCAR 'N DRINKIN BEER!!! #451624



VAKA
Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogvi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga
www.100bilar.is



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 PÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoda allt er með pening og pappírna klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

STÓRA BÍLASALAN

586 1414
OPNUNARTÍMI
MÁN- FÖST.
FRÁ KL. 10:00-18:00
www.stora.is



BMW 320i Árgæð 2005. Ekinn 113þ.km. Sjálfsk. Leður. o.m.fl.. Nýskoðaður 17. Er á staðnum. Verð 1.690.000kr. Raðnr 158517.



Hyundai i10 Comfort – NÝR BÍLL Árgæðir 2016. Beinsk. Hiti í sætum og stýri. Loftkæling o.m.fl.. Eigum bíla á staðnum. Verð 1.950.000kr. Raðnr 158436.



VW Crafter 2.0 TDI Árgæð 2014. Ekinn 99þ.km. Klæddur innan. 100% þjónusta. Er á staðnum. Verð 3.890.000kr án VSK. Raðnr 158380.



VW Touran TSi Ecofuel Árgæð 12/2012. Ekinn 82þ.km. Beinsk. Leður. 7 manna. o.m.fl.. Er á staðnum. Verð 2.580.000kr. Raðnr 135058.



Suzuki Vitara DDIS Panorama – NÝR BÍLAR Árgæðir 2016. Sjálfsk. Dísel. 4x4. Glerþak. O.m.fl.!! Eigum bíla á staðnum. Verð 4.990.000kr. Raðnr 135483.



Mazda 3 Árgæð 2013. Ekinn 74þ.km. Beinsk. Dísel. Hiti í sætum. Loftkæling. Er á staðnum. Verð 2.490.000kr. Raðnr 135253.



Hyundai i20 Árgæð 2011. Ekinn 102þ.km. Sjálfsk. Hiti í sætum. USB tengi. Er á staðnum. Verð 1.390.000kr. Raðnr 135367.



Land Rover Discovery 4 Árgæð 2010. Ekinn 118þ.km. Sjálfsk. Glerþak. 7 manna. o.m.fl.. Er á staðnum. Verð 6.990.000kr. Raðnr 161889.



Jeep Patriot Sport Árgæð 2013. Ekinn 55þ.km. Sjálfsk. 4x4. A/C. Cruise o.m.fl.. Er á staðnum. Verð 3.390.000kr. Raðnr 158548.



Jeep Grand Cherokee SRT8 Árgæð 2007. Ekinn 88þ.km. Sjálfsk. Leður. 421hó. Er á staðnum. Verð 2.990.000kr. Raðnr 158535.



Hyundai Tucson Style – NÝR BÍLL Árgæð 2016. Sjálfsk. Dísel. 4x4. Hiti í sætum. Verð aðeins 5.890.000kr. Raðnr 135463.



Ford Transit 300M Árgæð 2013. Ekinn 64þ.km. Beinsk. 100% þjónustaður. Er á staðnum. Verð 2.590.000kr án VSK. Raðnr 158360.



Hyundai i10 Classic – NÝR BÍLL Árgæðir 2016. Beinsk. Loftkæling. USB/Aux tengi. Verð 1.790.000kr. Raðnr 158523.



VW Crafter Langur Árgæð 2015. Ekinn 35þ.km. Beinsk. Lengri gerðin. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 4.190.000kr án VSK. Raðnr 135470.



Ford Transit 350 Jumbo Árgæð 2013. Ekinn 109þ.km. Beinsk. Krókur. Er á staðnum. Verð 2.890.000kr án VSK. Raðnr 135186.



Nissan Patrol GR Árgæð 2008. Ekinn 209þ.km. Sjálfsk. Jeppi í góðu standi. Er á staðnum. Verð 2.490.000kr. Raðnr 135383.



Audi A3 Sportback Árgæð 10/2012. Ekinn 96þ.km. Sjálfsk. Dísel. A/C. Hiti í sætum. Verð 2.790.000kr. Raðnr 158450.



Citroen Jumper vinnuflokkabíll Árgæð 2012. Ekinn 83þ.km. Beinsk. Dísel. 7 manna. Er á staðnum. Verð 2.890.000kr. Raðnr 135504.

Pólítískur ófriður skapar óróa á markaði

Gengi pundsins gagnvart Bandaríkjadal hækkaði á ný í gær og hlutabréfamarkaðir tóku við sér bæði í Bretlandi og víðar. Verð hlutabréfa fylgir alþjóðlegri þróun. Búast má við frekari lækkunum á gengi pundsins ef pólitískur óstöðugleiki heldur áfram.

Eftir miklar sveiflur í kjölfar úrslita Brexit-kosninganna á fimmtudaginn, kom ró á ný yfir hlutabréfamarkaðinn í Bretlandi og gengi sterlingspundsins styrktist gagnvart Bandaríkjadal í gær.

Sögulegar lækkanir voru á hlutabréfamörkuðum í kjölfar kosninganna. Á föstudaginn þurrkaðist 2,1 trilljón dollara út af alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum sem er meira en í alþjóðlega efnahagshruninu árið 2008.

Um eftirmiðdaginn í gær hafði FTSE 100 vísitalan, sem nær til stærstu hundrad fyrirtækja á hlutabréfamarkaðnum í London, hækkað í fyrsta sinn frá því á fimmtudaginn og hækkaði um samtals 2,6 prósent. Frá föstudeginum fram til lokunar markaða á mánudaginn hafði vísitalan lækkað um 5,6 prósent.

Fjórða stærsta bankakerfi í heimi er í Bretlandi og fundu bankarnir strax fyrir áhrifum Brexit-kosninganna þegar gengi hlutabréfa í þeim lækkaði um allt að þrjátíu prósent á tveimur viðskiptadögum. Við lokun markaða á mánudag hafði gengi bréfa í Lloyds lækkað um 28 prósent frá kosningum og í RBS um 30 prósent. Gengi bréfa í JPMorgan hafði lækkað um tíu prósent og í Citigroup um 13,5 prósent.

Víðsnúningur varð hins vegar á hlutabréfamarkaði. Í gær hækkuðu bréf í HSBC um tæp tvö prósent, í Lloyds um 7,4 prósent. RBS hækkaði yfir daginn en við lokun markaða höfðu bréfin lækkað um 0,20 prósent. Gengi bréfa í JPMorgan hafði

Neitar að vikja

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, neitar að segja af sér þrátt fyrir að þingmenn flokksins hafi lýst vantrausti á hann. 172 þingmenn flokksins kusu með vantrauststillögu í gær, 40 á móti henni, fjögur atkvæði voru ógild og 13 greiddu ekki atkvæði.



Ástæða tillögunnar er að þingmennirnir gagnrýna leiðtogahæfni Corbyns í Brexit-kosningunum. Frá því á sunnudaginn hafa að minnsta kosti átján skuggaráðherrar Verkamannaflokksins sagt af sér. Corbyn tók við flokknum síðasta haust og hefur fylgi flokksins dalað síðan þá. Samkvæmt reglum flokksins þarf hann ekki að segja af sér þrátt fyrir vantrauststillöguna.

um eftirmiðdaginn í gær hækkað um tvö prósent.

Gengi hlutabréfa í flugfélaginu easyJet lækkaði um tæplega 25 prósent á mánudag. Bréfin hækkuðu svo á hlutabréfamarkaði í gær um fimm prósent.

Gengi sterlingspunds gagnvart Bandaríkjadal hefur styrkst á ný og nam um eftirmiðdaginn gær 1,33. Gengið var 1,32 á mánudag og hafði þá ekki verið lægra í 31 ár. Gengi pundsins gagnvart íslensku



Hrun varð á hlutabréfamörkuðum og gengi pundsins gagnvart Bandaríkjadal náði söguleg lágmarki í kjölfar Brexit-kosninganna. NORDIC PHOTOS/GETTY

krónunni hafði lækkað um tæp tíu prósent síðastliðinn mánuð.

Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi hefur fylgt þróuninni erlendis, rétt eins og Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið að yrði líklegt. Miklar lækkanir voru á markaðnum á föstudag og mánudag og lækkaði úrvals-

vísitalan um 7,1 prósent. Gengi hlutabréfa fór þó hækkaði á ný í gær.

Í gær hækkaði úrvalsvísitalan um 2,61 prósent og gengi bréfa í öllum fyrirtækjum nema HB Granda hækkaði. Lækkunin hjá HB Granda nam 0,34 prósentum.

Erfitt er að spá í framhaldið. David Cameron, forsætisráðherra Bret-

lands, fundaði með ráðamönnum í Brussel í gær. Ljóst er að gengi pundsins mun velja á því hvernig Bretland nær að semja sig út úr Evrópusambandinu. Þóra Helgadóttir, hagfræðingur í London, sagðist í samtali við Vísu í gær búast við áframhaldandi sveiflum og frekari lækkunum ef pólitískur óstöðugleiki heldur áfram. saeunn@frettabladid.is

Ísland neðst allra Norðurlandanna

Ísland skorar hátt hvað varðar heilbrigði, öryggi og umburðarlyndi á nýrri velferðarvísitölu. Offita, hátt húsnæðisverð og brottfall úr skólum draga landið niður. Ísland fellur um sex sæti á vísitölunni. Landsframleiðsla er ekki sögð fullnægjandi skýring á velferð þjóða.

Ísland lækkar um sex sæti í velferðarvísitölunni The Social Progress Index milli ára og er neðst Norðurlandanna. Ísland var í fjórða sæti á síðasta ári en fellur í það tíunda í ár. Vísitalan er gefin út af stofnuninni The Social Progress Imperative og er ætlað að horfa til annarra þátta en landsframleiðslu til að mæla velferð í þjóðfélögum. Vísitalan gefur 133 ríkum heimsins einkunn eftir frammistöðu þeirra í 53 mismunandi þáttum, til dæmis gæðum menntunar, heilbrigðisþjónustu, umburðarlyndi og tækifærum í samfélögum. Samtökin héldu ráðstefnu í Hörpu í maí sem stefnt er að að verði árlegur viðburður og nokkurs konar mótvægi við efnahagsráðstefnuna í Davos í Sviss.

Ísland stendur best er varðar grunnþarfir. Til dæmis lága tíðni vannæringar, ungbarnadauda, dauða vegna smitsjúkdóma, lítið ofbeldi og gott aðgengi að rafmagni, farsímabjónustu og drykkjarvatni. Ísland stendur einnig best allra er varðar umburðarlyndi og mismunum. Ísland stendur hins vegar einna verst er varðar háa tíðni offitu, hátt húsnæðisverð og mikið brottfall úr framhaldsskólum, trúfrelsi og háskóla sem skora hátt á alþjóðavísu.

Michael Green, framkvæmdastjóri Social Progress Imperative, nefnir tvær ástæður fyrir því að Ísland lækkar á milli ára. Í fyrsta lagi séu önnur lönd að ná Íslandi, til að mynda hvað varðar öryggi einstaklinga og aðgengi að upplýsingum. Ísland standi sig ekki verr heldur séu aðrir að bæta sig. Þá hafi aðferðafræði verið breytt í afmörkuðum þáttum þar sem Ísland hafi ýmist komið vel út eða illa, sem breytti stöðu landsins.



Michael Green, framkvæmdastjóri Social Progress Imperative, segir fleira skýra velferð þjóða en landsframleiðsla. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Það er erfitt að álykta annað en að niðurstaðan sé vonbrigði fyrir Bandaríkjamenn,

Michael Green, framkvæmdastjóri SPI

Green bendir á að þótt Norðurlöndin séu öllu á topp tíu á listanum geti önnur samfélagsmódel verið vegvisir fyrir þau lönd sem séu neðar á listanum. Kanada, Ástralía og Sviss séu til að mynda öll í efstu fimm sætunum. Einnig sé hægt að horfa til þeirra um hvernig stjórnvöld um allan heim geti bætt líf þegna sinna.

Samtökin segja Persaflóaríkin Sádi-Arabíu, Kúveit og Sameinuðu arabísku furstadæmin standa sig verst í hlutfalli við ríkiðæmi þeirra. Til dæmis er landsframleiðsla Kúveits á mann nærri tvöföld landsframleiðsla Finnlands á mann. Finnar séu hins vegar eftir á listanum en Kúveit í 45. sæti. Þá standi Bandaríkin sig mun verr en landsframleiðsla á mann bendi til, en landið er í 19. sæti á SPI-kvarðanum. „Það er erfitt að álykta annað en að niðurstaðan sé vonbrigði fyrir Bandaríkjamenn og að þeir séu að fá lítið fyrir sinn snúð þegar kemur að því að umbreyta auði landsins í félagslegar framfarir,“ segir Michael Green, stofnandi Social Progress Imperative.

ingvar@frettabladid.is

Efstu ríkin í Social Progress Index 2016

Breyting milli ára	Sæti	Land	Einkunn
↑ 6	1	Finnland	90,90
↑ 4	2	Kanada	89,49
↑ 5	3	Danmörk	89,39
↑ 6	4	Ástralía	89,13
↓ -2	5	Sviss	88,87
↓ -4	6	Svíþjóð	88,80
↓ -6	7	Noregur	88,70
↑ 1	8	Holland	88,65
↑ 2	9	Bretland	88,58
↓ -6	10	Ísland	88,45
↓ -6	10	Nýja-Sjáland	88,45

Hvernig skiptist einkunn Íslands?

8. SÆTI
Grunnþarfir einstaklinga **95,27 stig**
Vannæring, ungbarnadauði, hreinlæti, aðgangur að vatni, húsaskjól, tíðni morða og ofbeldisglæpa og fleira.

15. SÆTI
Grundvöllur velmeginar **85,71 stig**
Læsi, brottfall úr skóla, fjöldi nettengdra, lífslíkur, offita, mengun, loftgæði og fleira.

7. SÆTI
Tækifæri **84,36 stig**
Persónuleg réttindi, málfrelsi, skoðanafrelsi, trúfrelsi, umburðarlyndi, háskólamenntun og fleira.



Nýsköpun

Sævar Kristinsson, ráðgjafi hjá KPMG
Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Valdabrólt í heimi breytinga

Í gegnum árþúsundin hafa valda-blokkir í heiminum þróast í takti við styrk samfélaga. Róm á tímum Rómaveldis, hernaðarstyrkur nýlenduríkja og Sovétríkin eru dæmi um þetta. Nú eru hugmyndir okkar um völd að breytast með hljóðláttri stafrænni byltingu.

Völd stafrænna samfélaga

Stafræn notkun mun margfalda í náinni framtíð og hafa miklar samfélagslegar breytingar í för með sér. Athyglisvert er að setja stærð stafrænna samfélaga í samhengi við stærð þjóða. Ef Facebook væri þjóðríki hefði það fleiri íbúa en Kína.

Ógn eða tækifæri – valdið er þitt
Upplýsingar og notkun þeirra eru eitt öflugasta vald samtímans. Þær eru ógn við þá sem vilja ekki breytingar en tækifæri fyrir þá sem sjá lausnir í nýjum áherslum. Áhrifa-mátt netmiðla má m.a. sjá skýrt þar sem ein færsla á Facebook hefur skilað sér í mótmælum gegn valdhöfum á nokkrum mínútum. Áhrif Panama-uppljóstrananna hefðu aldrei verið viðlíka mikil ef ekki hefði verið til sá farvegur sem samfélagsmiðlarnir eru. Það má færa rök fyrir því að valdið hafi fundið sér nýjan farveg eða vettvang og færst frá þjóðríkjum í hendur þess sem heldur á snjallsíma eða spjaldtölvu. Ert þú við völd?

Stærstu samfélög heimsins í dag

	Fjöldi í milljónum
Facebook	1.590
Kína	1.374
Indland	1.267
Qzone (Kína)	640
Tumblr	555
Instagram	400
USA	324
Twitter	320
Indónesía	258
Brasília	206

Heimild: Greining KPMG

Ró að færast yfir Bretland



Í Westminster George Osborne, fjármálaráðherra Breta, segir að bresk stjórnvöld séu með aðgerðaráætlun í gangi til þess að tryggja að óvissan á markaði eftir Brexit-kosninguna hafi ekki áhrif á breskt efnahagslíf. Þetta fólk sem þurfti að sækja sér reiðufé í neðanjarðarlestarstöðina í Westminster virtist ekki þurfa að hafa miklar áhyggjur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tími kominn til að huga að frjálsri verslun og hagvexti



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Það fóru höggbylgjur um fjármála-markaðina á föstudaginn eftir að íbúar Bretlands kusu að yfirgefa Evrópusambandið.

Á því leikur enginn vafi að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er meiriháttar sögulegur viðburður, en hvernig þetta endar allt saman er enn algerlega óráðað. Á því leikur enginn vafi að þetta mun hafa efnahagslegar afleiðingar, en um leið er ástæða til róa sig aðeins.

Já, þetta er pólitískt áfall og það skapar verulega óvissu, og það í

sjálfu sér er líklegt til að hafa neikvæð skammtímaáhrif á evrópskan hagvöxt. Seðlabanki Evrópu (ECB), einkum og sér í lagi, og aðrir seðlabankar í Evrópu ættu að bregðast við þessu áfalli með því að slaka á peningamálastefnunni. Þannig hafa verðbólguvæntingar á evrusvæðinu fallið enn lengra undir 2% markmið ECB, sem eru sannarlega ekki góðar fréttir, en það er fyrst og fremst vegna þess að ECB skortir trúverðugleika frekar en vegna Brexit-kosninganna sjálfra.

Norsk lausn fyrir Bretland?

Þótt enn sé mikil óvissa um stjórn-málaástandið í Bretlandi þar sem bæði íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn eru klofnir í herðar niður, virðist líklegast að þegar nýr forsætisráðherra verður skipaður og ný ríkisstjórn verður mynduð í Bretlandi muni sú ríkisstjórn hefja samningaviðræður við Evrópusambandið um brotthvarf úr sambandinu.

Raunveruleikinn gæti hins vegar – vonandi – verið sá að Bretland verði á margan hátt áfram í Evrópu-

sambandinu í þeim skilningi að ný ríkisstjórn reyni að ná samningi um að Bretland verði áfram hluti af innri markaðnum á sama hátt og Ísland, Noregur og Sviss eru í dag. Ef hægt er að semja um slíka lausn verða langtímaafleiðingar Brexit fyrir Bretland og fyrir allt hagkerfi Evrópu takmarkaðar. Þegar allt kemur til alls er helsti ávinningurinn af Evrópusambandinu einmitt frjáls verslun á milli Evrópulandanna.

Við verðum að berjast gegn þjóðernishyggju með hagvexti

Ad því sögðu er einnig raunveruleg hættu á að þjóðernissinnuð og populísk öfl í Evrópu nái nú jafn-vel enn meiri pólitískum áhrifum og það gæti leitt til þess að fleiri lönd yfirgefi Evrópusambandið, og í versta tilfalli er hættu á aukinni verndarstefnu í Evrópu. Helsti árangur Evrópusambandsins hefur verið að tryggja frjálsa flutninga á vörum, fjármagni og vinnuafl, og afturkippur í þeim efnun yrdi að mínu mati mjög neikvæður fyrir alla Evrópubúa – bæði innan

Evrópusambandsins og utan þess.

Þess vegna er það mjög mikilvægt fyrir frið og velmegun í Evrópu að þjóðernishyggja og verndarstefna fái ekki að sigra, og að mínu mati er besta leiðin til að stöðva þessa tilhneigingu í gegnum hagvöxt. Það er þannig ljóst að aukin tilhneiging til þjóðernishyggju og populisma stafar að miklum hluta af því að ekki hefur tekist að koma hagvexti af stað í Evrópu eftir 2008.

Þess vegna verða frjálslynd lýðræðisöfl um alla Evrópu að taka höndum saman um að auka hagvöxt í Evrópu. Kjarninn í slíkri stefnu ætti að vera meiri – ekki minni – frjáls verslun og efnahagslegar umbætur. Enn fremur er það mjög mikilvægt að Seðlabanki Evrópu stígi fram og færi loksins evrusvæðið burt frá verðhjöðunarhyldýpinu með því að slaka enn frekar á peningamálastefnunni. Núna stafar mest hættu af verðhjöðnun og við þekkjum öll þær sorglegu pólitísku afleiðingar, eins og á 4. áratug síðustu aldar, sem geta orðið þegar verðhjöðnun er leyft að dýpka.

Mesti auðlindakjarni hvers samfélags er mannauðurinn



Hin hliðin
Gunnhildur Arnardóttir,
framkvæmdastjóri
Ceo Huxun

Ósjaldan heyrum við sagt og sjáum ritað „Mannauðurinn er okkar mikilvægasta auðlind“. En hvað eru vinnustaðir að gera til þess að virkja mannauðinn

og ná fram því besta hjá hverjum og einum þannig að einstaklingurinn blómstri og skili sem hæstri framlegð?

Svarið er að verið er að gera heilmargt en það er hægt að gera svo miklu betur. Á sameiginlegum fundi Samtaka atvinnulífisins og Viðskiptaráðs Íslands í haust kom fram að framleiðni á Íslandi er lág og þarf að aukast.

Rannsóknir staðfesta að ákveðnir þættir þurfa að vera til staðar til þess að einstaklingurinn njóti sín í starfi. Þetta eru þættir eins og vitn-

eskja um viðhorf viðskiptavina til þeirrar þjónustu sem veitt er eða vöru sem er seld. Slík vitneskja fæst með viðskiptavinamælingum. Starfsánægja er annar mikilvægur þáttur, þ.e. að einstaklingurinn hlakki til að mæta í vinnuna, sé að gera það sem hann er bestur í daglega, hafi sjálfstæði til ákvörðunartöku og njóti stuðnings frá sínum stjórnanda. Einnig skiptir miklu máli að gerðar séu kröfur um árangur, að vitað sé nákvæmlega til hvers er ætlast og laun séu sambærileg við það sem gerist í viðkomandi

starfsgrein. Einn mikilvægasti þátturinn er að starfsmenn upplifi að borin sé virðing fyrir þeim og að þeir beri virðingu fyrir samstarfsmönnum sínum og fyrirtæki, þeim sé sýndur áhugi sem manneskjum og það ríki traust. Séu þessir þættir mældir reglulega í viðhorfsmælingu starfsmanna, t.d. mánaðarlega, þá er fljótt hægt að sjá hvar er verið að gera vel og hvar þarf að bregðast við. Mælingar stjórna hegðun og því er nauðsynlegt að mæla þessa mikilvægu þætti reglulega. Það er hægt að gera með mælitækni HR

Monitor frá Huxun sem mælir upplifun starfsmanna mánaðarlega. HR Monitor fékk nýlega myndarlegan verkefnastyrk frá Tækniþróunarsjóði til að hanna hugbúnað við mælitækið sem er nú þegar komið í virkni í fjölda fyrirtækja á Íslandi.

Ad ná auknum árangri með mannauð þjóðarinnar er því samspil margra þátta. Mikilvægast er þó fyrir stjórnendur að skilja að enginn nær árangri einn. Horfa þarf á styrkleika hvers og eins, magna þá og leyfa einstaklingnum að njóta sín. Þannig næst mestur árangur.

**Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er skjöldur fyrir það sem
skiptir mestu máli.**



Volkswagen

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Brexit I og II

Bretar ákváðu í þjóðaratkvæðagreiðslu í liðinni viku að segja sig úr Evrópusambandinu. Hinn svokallaði Brexit er því orðinn að veruleika. Nokkrum dögum síðar féllu Englendingar, stærsta þjóðin á Bretlandseyjum, út úr Evrópu í annað sinn á nokkrum dögum. Nú sjálfri Evrópukeppninni í knattspyrnu, og það gegn okkur Íslendingum.

Vitaskuld var um að ræða stærsta íþrótttaafrek í sögu okkar Íslendinga. Fyrir Englendinga var þetta hins vegar stærsta áfall í samanlagðri íþróttasögunni, í það minnsta ef eitthvað er að marka götupressuna þar í landi. Íslendingar voru því beinlínis valdir að öðrum kafla í Brexit ef svo mætti kalla.

Óhætt er að segja að frá því að atkvæðagreiðslunni lauk hafi allt titrað í Bretlandi. Hlutabréf, sérstaklega í bönkunum, eru í frjálsum falli og sterlingspundið er í sögulegum lægðum. Fasteignaviðskipti hafa allt að því stöðvast og matsstofnanir hafa lækkað lánshæfiseinkunn breska ríkissjóðsins.

Við þetta bætist svo að landið er allt að því stjórnlaust á pólitíska sviðinu. David Cameron tilkynnti um afsögn sína og allt logar stafnanna á milli hjá Verkamannaflokknum.

Viðbrögð við sigri íslenska liðsins á því enska voru ekki síður ofsakennd. Hodgson landsliðsleikvaldur tók samstundis pokann sinn. Fyrirsagnir blaðanna voru heldur engin skemmtilesning fyrir leikmenn enska liðsins. Eitt blaðanna gekk meira að segja svo langt að gefa öllum leikmönnum núll í einkunn.

Getur verið að meira sé líkt með Brexit I og II en mann grunar við fyrstu sýn? Allir leikmenn enska liðsins spila í ensku úrvalsdeildinni. Einungis einn leikmannatalar erlent tungumál. Þeir eru með öðrum orðum heimalningar sem fá spikfeita launatékkna nánast í vöggugjöf. Þurfa ekkert að hafa fyrir hlutunum.

Í íslenska liðinu eru hins vegar menn sem þurft hafa að hleypa heimdraganum. Búa einir í framandi löndum og fóta sig í ólíkum menningarheimum. Það þarf kjark til að rífa sig upp með rötum.

Er þetta ekki upplagt dæmi um að fólk og samfélag, svo ekki sé talað um samfélag eyjaskeggja, hafa ekki bara gott af því að kynnst öðru en eigin heimahögum, heldur er það beinlínis nauðsynlegt ef ætlunin er að ná árangri og skara fram úr.

0,18%

HÆKKUN VARD

á vísitölu neysluverðs í júní og stendur hún núna í 436,3 stigum. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,6% en vísitalan án húsnæðis er óbreytt. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,7% í júní. Flugfargjöld til útlanda og kostnaður við rekstur ökutækja hækkaði. Símapjónusta lækkaði.

81.338

ÁHORFENDUR

komast í sæti á vellinum Stade de France, þar sem leikur Íslendinga og Frakka fer fram á sunnudaginn. Íslendingar gátu þó einungis keypt 1.000 miða á völlum þegar miðasala hófst á vef UEFA klukkan tólf í gær.

24.06.2016

Þetta var gríðarlega erfitt, með því erfiðara sem ég hef gengið í gegnum. Þetta voru samherjar mínir sem vildu ákæra mig og það var mér tilfinningalega mjög erfitt. En þetta er bara eins og annað sem maður lendir í, „life is a bitch“ eins og maður segir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir



ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð

ALLAR BEYGLUR Á 399 KR. STK.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat

Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07-22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.




Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Austan og norðaustan 5-10 í dag. Rigning eða súld á Austfjörðum, annars skúrir, einkum síðdegis. Hiti 10 til 15 stig en 5-10 austast á landinu.

Fimmtudagur

Reykjavík 13° ↙ 1	Ísafjörður 11° ← 9	Akureyri 12° ← 7	Reykjavík 11° ↓ 10	Ísafjörður 9° ↙ 9	Akureyri 7° ↓ 8
Egilsstaðir 8° ↙ 7	Kirkjubæjarkl. 12° ← 6	Hveravellir 10° ← 7	Egilsstaðir 7° ↓ 7	Kirkjubæjarkl. 14° ← 1	Hveravellir 5° ↓ 10

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- niður
 - holskrúfa
 - skordýr
 - árkvislir
 - berist til
 - rimpa
 - kárna
 - í röð
 - tilvist
 - bókstafur
 - samtök
 - skjótur
- LÓDRÉTT**
- atлага
 - tveir eins
 - land í S-Evr-öpu
 - veidarfæri
 - klaufskur
 - for
 - máltíð
 - harla
 - húðpoki
 - átt

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÓDRÉTT: 1. áras, 3. ft, 4. alþingi, 5. nótt, 7. ólaginn, 10. aug, 13. mál, 15. afar, 16. hús, 19. ná.
LÁRÉTT: 2. ofan, 6. ríð, 8. fíla, 9. ála, 11. br, 12. sauma, 14. grána, 16. hl, 17. líf, 18. enn, 20. aa, 21. snar.

Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.572) vann góðan sigur á Tibor Kende Antal (2.406). Hann átti afar skemmtilegan leik.

Svartur á leik

Hjörvar lék **39. He8+** og vann örugglega nokkru síðar. Fallegasti leikurinn er hins vegar **39. Re5!** sem vinnur strax þar sem svartur verður mát eftir **39.... Kxe5 40. He8**. Sjötta umferð GAMMA Reykjavíkurskákmeistarans hefst kl. 12. www.skak.is: Nýjustu skákfréttirnar.



Sudoku

LÉTT

	6		4	2				7
8	7					6		5
9		2	7					
3				4		7		
			5		7			
	5	1		6	9			
				7		1	8	
	2					3		9
1	9		2	8				

MIDLUNGS

		3		2		1	7	
		2		5			6	
1				6		4		2
5	9		4	1	6			8
			5				9	
				8			1	
7	3	8				2		1
9								6
2	1		4					9

PUNG

	6	7	2		3	1		
			9					2
5				4		7		8
		9		6		8	2	
				2	5		1	
1					9	4		5
7	3							
6	5			7	2			
								3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausnið á sudokunum

9	3	8	2	4	5	1	7	6
1	4	7	6	3	8	9	5	2
2	6	5	9	7	1	4	8	3
4	7	2	1	9	3	5	6	8
8	9	3	5	6	7	2	1	4
5	1	6	8	2	4	3	9	7
6	2	4	7	5	9	8	3	1
7	5	1	3	8	2	6	4	9
3	8	9	4	1	6	7	2	5

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Útsalan hefst í dag

30-70% afsl.



Kjöll áður 9.990
nú aðeins 6.990.-
Gallajakki áður 9.990
nú aðeins 6.990.-



Túníkur áður 11.990
nú aðeins 8.390.-

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fléiri myndir á Facebook



ÞORSKSTEIKUR & STÓRLÚÐA

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1



KAUPIR 1 KG. FÆRD 2 KG.

**BORÐUM
ÍSLENSKT
Í DAG**



ÁFRAM ÍSLAND



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755



HITAVEITUSKELJAR



QUEEN 1650 LÍTRAR

**STÆRÐ: 215 X 215 CM
LITIR: SVARTUR,
NAVY BLÁR, SILFUR**

BYGGÐAR ÚR TREFJA EFNI



MIKIÐ ÚRVAL

LOK Á POTTA

**STÆRÐIR
200 x 200
210 x 210
220 x 220
235 x 235
8 HYRNT**

**STERK,
VÖNDUÐ
OG GÓÐ LOK**

HEITIRPOTTAR.IS

777 2000 HAFFI
777 2001 GRÉTAR
896 0602 KRISTJÁN (FISKIKÓNGURINN)





Jóhann kom til Íslands nú meðal annars til að þakka fyrir listamannalaunin, en á líka eftir að vinna að þeim tveimur verkefnum sem umsókn hans snerist um. Hann spilar á morgun í Salnum með Snorra Sigfúsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Pabbi stúderaði tóntegundir fyrir steingeitur

Jóhann Nardeau trompetleikari og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari halda tónleika í Salnum á morgun og frumflytja meðal annars verk sem faðir Jóhanns, Martial Nardeau, samdi sérstaklega fyrir hann.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er svolítið skritið að vera að koma frá Frakklandi núna og sýna þannig móti straumnum, auðvitað er mjög gaman að fylgjast með fótboltnum og alltaf betra þegar gengur vel," segir Jóhann Nardeau trompetleikari gláðlega. Hann er búsettur í París en kominn heim til að spila á síðdegistónleikum á morgun í Salnum með móðurbróður sínum, Snorra Sigfúsi Birgissyni

píanóleikara. „Mér rennur blóðið til skyldunnar því ég fékk íslensk listamannalaun í sex mánuði. Það var stórkostlegt og kom á góðum tíma fyrir mig, ég var einmitt að kaupa mér barokktrompet.“

Jóhann segir tónleikana í Salnum verða stutta, rétt rúman klukkutíma – út af fótboltnum! En hvað ætla þeir frændur að flytja? „Við spilum Sequenza X eftir Luciano Berio og Blast eftir Atla Ingólfsson, sem límir prógrammið dálítið saman, hann lærði á Ítalíu og í París og sækir effekta í Berio. Hin tvö verkin, Sonate pur Jóhann eftir Martial Nardeau og Ari á Unnarstöðum eftir Snorra Sigfús eru einhvers konar leynt uppeldisstarf hjá föður mínum og frænda. Pabbi samdi verkið sérstaklega fyrir þessa tónleika, var búinn að stúdera hvaða tóntegundir og nótur væru góðar fyrir steingeitur! Það er ár síðan hann sendi mér verkið og ég hlakka til að frumflytja það. Síðast þegar ég frumflutti íslenskt verk var það svita fyrir trompet og hljómsveit eftir Hafliða Hallgríms. Það er langt síðan, eiginlega í öðru lífi. Ari á Unnarstöðum hefur held ég ekki verið spilaður síðan við Snorri spiluðum hann á burtfarartónleikum mínum úr Tónlistarskólanum í Reykjavík fyrir tíu árum.“

Jóhann segir alltaf erfitt að setja lýsingarorð á tónverk og jafnvel hættulegt séu þau ný. „Berio er auð-

ÉG HELD AÐ FLESTIR HALDI MEÐ ÍSLANDI OG GEGGJAÐ AÐ SJÁ HVERNIG ÞEIR SPILA BETUR OG BETUR. ÉG VAR SVONA TVO DAGA AÐ NÁ RÖDDINI AFTUR EFTIR LEIKINN. EINS GOTT AÐ ÉG ER EKKI SÖNGVARI.

SMÁ FRÓÐLEIKUR UM JÓHANN NARDEAU

Jóhann er sonur flautuleikaranna Guðrúnar Birgisdóttur og Martial Nardeau og ólst upp í Kópavogi. Hann flutti 2006 til Parísar og hefur búið þar síðan. Vorið 2013 lauk hann mastersprófi frá Parísarkonservatoriinu SNSMDP með hæstu einkunn.

Hann hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum trompetkeppnum í Búdapest 2009 og Moskvu 2011. Í febrúar 2013 vann hann íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Bjartasta vonin.

vitað mikið spilaður og það er meira hægt að spjalla um hann en ég held að tónleikarnir verði góðir fyrir þá sem fíla bæði nýja músík og brass.“

Jóhann er í lausamennsku í París og býst við að vera sestur þar að. „Það eru komin tíu ár frá því ég

flutti út og ræturnar eru komnar ansi djúpt. Fyrir utan að eiga föðurafa og föðursystur í Frakklandi á ég franska kærustu. Aurélie Marchais heitir hún og er tónmenntakennari. Hún er úti núna og var í íslenskrum landsliðsreyju á bar í gærkveldi innan um Englendinga og Austurríkismenn að horfa á leikinn, Ísland/England.“

Á tíu árum kveðst Jóhann líka hafa eignast vinahóp og tengslanet sem tvinnast saman. „Það er svo stutt á milli vináttu og samstarfs yfir í hrein og bein vinnutilboð. Frilansfólk hjálpast að við að gefa hvert öðru gigg. Því þarf auðvitað að ganga vel að spila saman og betra er ef gaman er að hanga saman.“ Þó kveðst hann leynt og ljóst sækjast eftir fastráðningu við hljómsveit. Það sé betra upp á fasta innkomu þó frilanskerfið í Frakklandi sé afskaplega fint. „Ég byrjaði að kenna pínu-lítið í febrúar, er með sjö nemendur í litlum tónlistarskóla í úthverfi Parísar. Það er tilbreyting og gott og blessað að vinna grunnvinnu með börnunum. Þau koma með hljóðfærin sín og sum æfa sig mikið og önnur lítið, eins og gengur. Kosturinn við lausamennsku, sem er auðvitað gallinn á sama tíma, er hvað maður er að vinna með mismunandi fólki og í mismunandi stílum. Það er mikil nánd við hinn klassíska dans í París og svo eru hornaflokkar, óperur, söngleikir og kammertónleikar.

Menningarlífið í París er afskaplega fjölbreytilegt.“

Sem sagt engin heimprá? „Neeii. Hin praktíska hlið er í góðum gir hjá mér þetta árið þó ég geti ekkert farið út í banka og beðið um lán til að kaupa bíl. En það er margt sem vegur upp á móti og gerir að verkum að ég er sáttur. Þegar ég kem heim fæ ég samt innblástur frá fjölskyldunni minni og íslenskri náttúru, því er alltaf gaman þegar verkefni detta inn hér.“

Eins og fram kom í upphafi spjallsins hefur Jóhann fylgst með góðu gengi íslenska landsliðsins í fótbolta og kveðst hafa farið ásamt unnustunni og nokkrum íslenskum skólafélögum á Austurríkisleikinn. „Það var meiri háttar. Ég trúði ekki mínum eigin augum þegar þeir skoruðu 2-1. Ótrúlegt líka að sjá alla austurrísku stuðningsmennina, þeir klöppuðu fyrir íslensku stuðningsmönnum fyrir utan völlinn. Afskaplega þrúðir. Ég held að flestir haldi með Íslandi og geggjað að sjá hvernig þeir spila betur og betur. Ég var svona tvo daga að ná röddinni aftur eftir leikinn. Eins gott að ég er ekki söngvari.“

En með hverjum ætlar hann að halda á sunnudaginn? „Það verður pínu vandræðalegt. Frakkar hafa mikið forskot á Ísland, spilandi á sínum þjóðarleikvangi sem þeir urðu heimsmeistarar á. Ég held auðvitað með Íslandi!“

**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

90

ára afmæli Frón

Kauptu Kremkex

Sæmundur í sparifötunum er í uppáhaldi hjá mörgum enda lengi verið eitt allra vinsælasta kremkex landsins.

Eitt sinn var til kexverksmiðjan Esja. Hún framleiddi vanillukex sem var nefnt Sæmundur í höfuðið á forstjóranum Sæmundi Ólafssyni.

Esja sameinaðist Frón 1970 og eftir það var farið að kalla Kremkexið frá Frón eftir karakternum, Sæmundur í sparifötunum, og er augljóst hvers vegna.

Upprunalegi Sæmundur í sparifötunum er Kremkexið frá Frón.



Vertu í karakter með kexi frá Frón í dag



Mjólkurkex

Ungir sem aldnir hafa brotið Mjólkurkexið til helminga og drukkið ískalda mjólk með.



Póló

Póló er ómissandi virka daga. Um helgar er alltaf gott að eiga Póló í eldhússkápnunum.



Matarkex

Margir Íslendingar njóta þess á hverjum degi að dýfa Matarkexi í mjólkina sína.

Kemur við sögu á hverjum degi í 90 ár



SAMBÍÓIN SAMBIO.IS

FRÁBÆR RÓMANTÍSK MYND

EMILIA CLARKE
SAM CLAFLIN

me before you

BASED ON THE NEW
YORK TIMES BESTSELLER

VIÐ VISSUM ALLTAF
AD ÞÆR KÆMU AFTUR

★ ★ ★ ★
EMPIRE

Ein skemmtilegasta mynd sumarsins

"A MASTERPIECE!"
"AMAZING!"

★★★★★
E.W.

"THE FAMILY FILM OF THE YEAR."

LEITIN AÐ DÓRU

Sýnd með íslensku og ensku tali

★★★★★
OVERLORD

Porir þú?

THE CONJURING 2

SMÁRABÍÓ ALFABAKKA	EGILSHÖLL
ME BEFORE YOU KL. 5:40 - 8 - 10:20	INDEPENDENCE DAY (3D) KL. 5:30 - 8 - 10:30
ME BEFORE YOU VIP KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	LEITIN AÐ DÓRU (ISL 2D) KL. 5:30
FINDING DORY (ENSKA 2D) KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20	CENTRAL INTELLIGENCE KL. 5:40 - 8 - 10:20
LEITIN AÐ DÓRU (ISL 2D) KL. 3:20 - 5:40	THE CONJURING 2 KL. 7:40 - 10
LEITIN AÐ DÓRU (ISL 3D) KL. 4:20 - 6:40	TMNT 2 2D KL. 10:20
THE CONJURING 2 KL. 8 - 10:30	
TMNT 2 2D KL. 3 - 5:30	SMÁRABÍÓ KEFLAVÍK
ALICE THROUGH... 2D KL. 10:40	INDEPENDENCE DAY (3D) KL. 8 - 10:40
MOTHER'S DAY KL. 8	ME BEFORE YOU KL. 8
THE JUNGLE BOOK 2D KL. 3:10	CENTRAL INTELLIGENCE KL. 10:40
SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	SMÁRABÍÓ AKUREYRI
ME BEFORE YOU KL. 6 - 8 - 9 - 10:20	ME BEFORE YOU KL. 8 - 10:20
FINDING DORY (ENSKA) KL. 8 - 10:20	LEITIN AÐ DÓRU (ISL 3D) KL. 5:40
LEITIN AÐ DÓRU (ISL 2D) KL. 5:40	FINDING DORY (ENSKA 2D) KL. 8
LEITIN AÐ DÓRU (ISL 3D) KL. 5:40	THE CONJURING 2 KL. 10:20
	TMNT 2 2D KL. 5:30

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

VIÐ VERUM ALLTAF
AD ÞÆR KÆMU

★★★★★
EMPIRE

INDEPENDENCE DAY

★★★★★
ROGEREBERT.COM

GOOD NIGHT MOMMY

Í beinni
ANDRE RIUE
23. júlí í Háskólabíói

SJÁÐU EM 2016
Í SMÁRABÍÓI
NÁNAR Á SMARABIO.IS/EM

Disney PIXAR
LEITIN AÐ DÓRU

CENTRAL INTELLIGENCE

THE MICE @ HOME

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánni upplýsingar

VIÐ HÖFUM
TUTTUÐU ÁR
TIL ÁS UNDIRSÓA
OKKUR

POWERYSNING
KL. 22:30

INDEPENDENCE DAY

LEITIN AÐ DÓRU

CENTRAL INTELLIGENCE

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

INDEPENDENCE DAY 2	5:30, 8, 10:30(P)
LEITIN AÐ DÓRU ISL.TAL	3:30, 5:45
CENTRAL INTELLIGENCE	8, 10:25
WARCRAFT	8(2D), 10:30(3D)
FLORENCE FOSTER JENKINS	5
ANGRY BIRDS ISL.TAL	3:30

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

29. JÚNÍ 2016

Sýningar

Hvað? Að eiga sig sjálfur, stund og stund
Hvenær? 10.00
Hvar? Árbæjarsafn
Að eiga sig sjálfur, stund og stund – sögulegur garður og fegrun torgs á Árbæjarsafni. Í Árbæjarsafni hefur í vor verið unnið hörðum höndum að því að fegra torg safnsins sem og að útbúa garð við safnhúsið Sudurgötu 7. Verkefnið er unnið í samstarfi við námsbraut í skrudgardyrkju við Gardyrkjuskólann að Reykjum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Opnið er alla daga vikunnar frá klukkan 10.00 til 17.00.

Tónlist

Hvað? Dorthe Højland Group
Hvenær? 21.00
Hvar? Græni hatturinn, Akureyri
Dorthe Højland Group ferðast um landið og spilar djass. Í kvöld verður Græni hatturinn tekinn yfir. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

Hvað? Kvartett Reynis Sigurðssonar
Hvenær? 21.00
Hvar? Múlinn, Hörpu
Jazzklúbburinn heldur áfram með sumardagskrá sína og nú ætlar kvartett víbrafonleikarans Reynis Sigurðssonar að stíga á svið. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir nema, öryrkja og eldri borgara.

Hvað? Hádegistónleikar Schola cantorum
Hvenær? 12.00
Hvar? Hallgrímskirkja
Öll miðvikudagshádeggi eru árdægistónleikadagar Schola cantorum og er tilefnið að kórinn fagnar á þessu ári 20 ára afmæli sínu. Fjölbreytt efnisskrá með þverskurði af því sem kórinn hefur tekið sér fyrir hendur gegnum árin. Aðgangseyrir 2.500



Árbæjarsafn er opið frá klukkan 10 til 17 alla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þorsteinn Guðmundsson sér um að lesa upp tölurnar í geðveiku bingó í kvöld í Stúdentakjallaranum.

krónur en listvinir fá 50% afslátt. Allir hjartanlega velkomnir.

Hvað? трип pop up
Hvenær? 16.00
Hvar? Lucky Records, Rauðarárstíg 10
Pop up stemning hjá Lucky Records í dag, allir velkomnir.

Fundir og erindi

Hvað? Sælir eru einfaldir – Kynningarfundur
Hvenær? 18.00
Hvar? Sláturhúsið, Egilsstöðum
Fyrir áhugasama á Austfjörðum um að taka þátt í leikverki býðst í kvöld kynningarfundur þar sem hópurinn Svíðsverkur kynnis verkið. Boðið er upp á kaffi og með því. Allir velkomnir.

Hvað? Tölvufærni aldraðra
Hvenær? 10.00
Hvar? Borgir, Spönginni 43, Grafarvogi
Í dag verður tæknifærni aldraðra höfð í hávegum. Skoða á Android Samsung og standa herlegheitin yfir frá klukkan 10.00 til 12.00.

Önnur afþreying

Hvað? Geðveikt bingó
Hvenær? 20.00
Hvar? Stúdentakjallarin
Hugrún heita ný fræðslusamtök um geðheilsu þar sem markmiðið er að fræða ungt fólk um geðheilbrigði. Í kvöld standa samtökin fyrir bingókvöldi og verður grínistinn Þorsteinn Guðmundsson tölulesari. Allir velkomnir.

Hvað? Swap 'til you drop
Hvenær? 16.30
Hvar? Loft, Bankastræti 7
Skiptifátamarkaður á Lofti í dag þar sem fólk er hvatt til að koma með fötin sín og skipta við aðra. Það sem ekki nær skiptum getur farið beint í Rauða krossinn. Allir velkomnir.

Hvað? Sumar Zumba
Hvenær? 18.00
Hvar? Valsheimilið
Zumbapartí í Valsheimilinu í dag og er þetta partí fyrir alla sem vilja vera með. Rodica leiðir dansveisluna og Dj Davíð sér um að velja réttu tónlistina. Að-

gangseyrir eru 500 krónur. Ekki er posi á staðnum. Allir velkomnir.

Hvað? Gourasana Meditation Practice
Hvenær? 19.20
Hvar? Frakkastígur 16
Boðið er upp á kraftmikla hugleiðslu á miðvikudögum og sér Tristan Gribbin um að leiða hana. Um óhefðbundna hugleiðslu er að ræða sem skiptist í fjóra hluta. Þáttökugjald er 2.000 krónur en fyrsti tíminn er frír. Þá er 50% afsláttur fyrir nema, einstæða foreldra og atvinnulausa. Jógamottur, teppi og skriffæri eru á staðnum en gott er að hafa með sér vatnsflösku. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Hvað? Kaffihúsakvöld Krafts
Hvenær? 20.00
Hvar? Stofan
Kraftur stendur reglulega fyrir kaffihúsakvöldi og í kvöld fer það fram á Stofunni. Markmið þessara kaffihúsakvölda er að skapa flöt fyrir ungt fólk, sem greinst hefur með krabbamein, og aðstandendur þess til að hittast.

NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA!

Hafsjór af fróðleik um land og þjóð




- Vegakort
- Þéttbýliskort
- Ítarlegur hálandiskafli
- 24 síðna kortabók
- Vegahandbókar App
- Þjóðsögur



- Heitar laugar



Stöðug uppfærsla
í meira en **40 ár**



**FULLT VERÐ
5.490 KR**

1.500 kr. afláttur ef þú kemur með gömlu bókina

Einungis hægt að skipta í bókabúðum (ekki á bensinstöðvum)

Farið með svarið í ferðalagið

Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600



CITROËN C1 ELSKAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR



LÁGT VERÐ



5 DYRA FRÁ EINUNGIS **1.859.000 KR.**
Veglegur staðalbúnaður: LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling, brekku-aðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla og margt fleira.

SÍTENGDUR



FLOTTUR 7" SNERTISKJÁR
Innanrymið er sérstaklega notendavænt með ýmsum snjöllum lausnum. Í Feel og Shine útfærslunum er glæsilegur 7" snertiskjár með Bluetooth tengingu.

SPARNEYTINN



LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR
Sparneytnar og áreiðanlegar bensinvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær fritt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opíð á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 **Visir**
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

SPORT

Stjarnaþrátturinn á EM 2016

Guðlaugur Þór Þorgeirsson er stjarnaþrátturinn á EM 2016. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum.

Bræður okkar ljónshjarta

Íslandi upplifði stærsta þrottafrest í sögu hólaðinnar þegar strákarnir okkar mættu Englandi í 16- ára úrslitum EM í fótbolta. 2-1 Allianz Riviera leikvanginum í Nice í gærkvöld. Sjálfstjórnin var fjölgegra vörð.

EM 2016

Guðlaugur Þór Þorgeirsson er stjarnaþrátturinn á EM 2016. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum.

Fagnir hjá strákunum okkar og fólkinu þeirra sem hefur vakið upp allan heiminn

Guðlaugur Þór Þorgeirsson er stjarnaþrátturinn á EM 2016. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum.

10 Ragnar Sigurðsson

Ragnar Sigurðsson er stjarnaþrátturinn á EM 2016. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum. Hann hefur verið áhrifamikill í leiknum og hefur verið áhrifamikill í leiknum.

Leikmaður	Stíll	Stíll	Stíll
Guðlaugur Þór Þorgeirsson	10	10	10
Ragnar Sigurðsson	10	10	10
Guðlaugur Þór Þorgeirsson	10	10	10
Ragnar Sigurðsson	10	10	10



Geymið myndina

Við fylgjum þeim

FRÉTTABLAÐIÐ

151. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —

ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚNÍ 2016

Ísland 2 - 1 England Hvar endar þetta?



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



alla leið

FRÉTTABLAÐIÐ



Hvernig best er að komast á leikinn í París

Nánast allir Íslendingar eru núna í óða önn að reyna að redda sér út til Frakklands til að sjá leik Íslenska liðsins við gestgjafana. Flug til Frakklands er orðið frekar dýrt en ótal aðrar leiðir liggja til Parísar og hér munum við fara yfir nokkrar þeirra.

 ÍSLAND –  FRAKKLAND



Flugleiðir

BEINT TIL PARÍSAR

Eins og staðan er núna er það tæplega 140 til 150 þúsund króna verkefni að fljúga beint til Parísar og til baka með íslensku flugfélögunum og því er kannski vert að skoða aðra ódýrari möguleika. Dohop er með ódýrustu flugin, í kringum 80 þúsund, en inni í því geta verið milli-lendingar.

BRUSSEL

Flugið til Brussel og til baka er á 80 þúsund með Dohop. Þaðan er hægt að taka lest í tvo klukkutíma til Parísar á 7 þúsund aðra leiðina. Bílaleigubíll kostar um fimmtán þúsund og aksturinn tekur þrjár til fjórar klukkustundir.

LONDON

Flug til London er á 80 til 100 þúsund með íslensku flugfélögunum en það ódýrasta á Dohop er á um 70 þúsund. Frá London til Parísar er hægt að taka lest á tæplega fimmtán þúsund krónur þegar þetta er skrifað, en það er ódýrasta ferðin sem er mögulegt að fara og tekur um tvo og hálfan tíma.

BERLÍN

Til Berlínar er flugið á 85 til 145 þúsund hjá íslensku flugfélögunum og þá skiptir miklu máli hvort flugfélagið er valið. Á Dohop er það ódýrasta á 53 þúsund. Frá Berlín er hægt að taka lest á tæplega ellefu þúsund krónur en sú lest er hins vegar 14 tíma á leiðinni. Hægt að er fá fljótlegri lestarferð en þá er verið örflítið hærra eða um þrettán þúsund krónur en á móti kemur að fimm tímar sparast og tími er auðvitað peningar. Bílaleigubíll í Berlín kostar á milli átta og tíu þúsund og aksturinn tekur um tíu klukkustundir.

AMSTERDAM

Flugið fram og til baka frá Amsterdam er sirka 80 þúsund krónur, bæði á Dohop og með íslensku flugfélögunum. Þaðan fer lestin til Parísar á tæpum fimm klukkustundum og kostar fimmtán þúsund. Ef bílaleigubíll er tekinn kostar það fimmtán þúsund og aksturinn til Parísar tekur um fimm tíma.

» **FYRIR EINA MANNESKJU SEM KEYPTI ÓDÝRARI TÝPUNA AF MIÐA TÍMANLEGA, FLÝGUR TIL LONDON OG TEKUR LESTINA ÞAÐAN OG GISTIR Á HÓTELI ER ÞETTA UM ÞAÐ BIL 200 ÞÚSUND KRÓNUR.**



MIÐAR Á LEIKINN

Ódýrustu miðarnir á leikinn eru á 6.500 og þeir dýrari eru á tæplega 27.000 krónur, en það er auðvitað ef keypt er í gegnum miðasölu. Þar sem það er löngu orðið uppselt er nauðsynlegt fyrir þá sem eru að ákveða fyrst núna að skella sér að kaupa af erlendum miðasölusíðum þar sem allir miðar eru að fara á frá 70 þúsund krónum og upp úr. Það eru auðvitað alls konar leiðir til að koma sér til Parísar og í raun hægt að fljúga hvert sem er í Evrópu og fara þaðan með flugi, lest eða bílaleigubíl. Hér tökum við saman nokkrar leiðir og hvað þær kosta – með þeim fyrirvara að verð getur og mun hækka því lengur sem beðið er.



GISTING

Gistingin er oft dýrasti þátturinn í ferðalögum. Hótel í París er frá 80–180 þúsund fyrir einn í þrjár nætur. Í gegnum Airbnb er síðan hægt að fá íbúðir á mun lægra verði, eða 12 til 20 þúsund fyrir nóttina.

Markaðstorg Kringlunnar

Hættir

Allt á að seljast! 3 verð
1000 kr 2000 kr 3000kr.

Markaðstorg Kringlunnar
3 hæð.

RIGG VIÐBURÐIR KYNNA

EYÞÓR
INGI

MAGNI
ÁSGEIRS

FRÍÐRIK
ÓMAR

DAGUR
SIGURÐSSON

MATTI
MATT

HULDA
BJÖRK

MÍÐASALA HEFST
1. JÚLÍ KL. 10:00
Á TIX.IS OG Í SÍMA 528-5050
MÍÐAVERÐ 5400-9990

1946-2016

HEIÐURSTÓNLEIKAR

70 FREDDIE MERCURY

ELDBORG 3. SEPTEMBER 2016

BENEDIKT BRYNLEIFSSON trommur RÓBERT ÞÓRHALLSSON bassi KRISTJÁN GRÉTARSSON gítar EINAR ÞÓR JÓHANSSON gítar
STEFÁN ÖRN GUNNLAUGSSON píanó INGVAR ALFREÐSSON hljómborð DIDDÍ GUÐNASON slagverk
RADDSSVEIT MERCURY: REGINA ÓSK-ALMA RÚT-ÍRIS HÓLM-DAVÍÐ SMÁRI-INGUNN HLÍN-ÍNA VALGERÐUR

RIGG
VIÐBURÐIR



Láttu drauminn ræstast

Klikkuð opnunartilboð

Komdu í Dorma



KOLDING hægindastóll

27%
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Rautt eða grátt slitsterkt áklæði.
Fullt verð: 109.900 kr.

Aðeins 79.900 kr.

KOLDING hægindastóll

28%
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart eða grátt leður.
Fullt verð: 139.900 kr.



Aðeins 99.900 kr.

SILKEBORG hægindastóll

30%
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Fullt verð: 69.900 kr.



Aðeins 48.930 kr.

Halló Zzzmáratorg

Dormaverslanirnar eru þar með orðnar fjórar
Sama verð á öllum stöðum



Holtagörðum, 512 6800
Smáratorgi, 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími sjá
www.dorma.is



Láttu drauminn ræstast



Eva alsæl á leik Íslands á móti Austurríki. Hún stendur hins vegar vaktina á Lemon á sunnudag. MYND/ETIENNE ZMARZLOWSKI

Ekki flóarfriður fyrir frönskum fjölmiðlum

Eva Gunnarsdóttir rekur eina íslenska veitingastaðinn í Frakklandi. „Allir eru að tala um hversu yndislegir þessir menn eru,“ segir Eva. Þá þykja þeir einstaklega vel upp aldir og kurteisir svo um er talað.

Þetta hefur verið rosalegt. Það sem kemur helst á óvart er hversu ánægðir Frakkarnir eru fyrir hönd Íslendinga með sigurinn á Englendingum og margir hverjir vonast til að við vinnum Frakkana á sunnudag,“ segir Eva Gunnarsdóttir sem rekur Lemon í París. Lemon er einmitt eini íslenski veitingastaðurinn í gjörvöllu Frakklandi svo menn geta rétt ímyndað sér sviðsljósið sem beinist að Evu um þessar mundir. „Frakkarnir eru margir að vona að íslenska liðið sigri vegna þess að sagan er svo ofboðslega flott. Þetta er sannkölluð draumasaga.“

Leikur Íslendinga og Englendinga verður líklega ansi lengi í minnum hafður, hvort sem er hjá Íslendingum eða Englendingum, sem eins og flestir vita luku þátttöku sinni á Evrópumótinu er þeir töpuðu fyrir Íslendingum á mánudaginn var. Í kjölfar sigursins hefur Eva ekki haft undan að svara fjölmiðlum og segist sjálf ekki ná að vinna handtak. „Á meðan á leiknum stóð rigndi inn sms-um og Facebook-skilaboðahólfid mitt fylltist af skilaboðum frá alls konar fjölmiðlum sem ég er búin að reyna að svara eftir bestu getu,“ útskýrir Eva og er auðheyrilega uppveðruð.

Sem dæmi má nefna miðla á borð við BBC, France 2, France Info, France Inter, Foot365, RFI, BeIn sport, l'Express og auk þess Eva var í beinni á RTL strax að loknum leiknum á mánudag.

„Það eru allir svo ofboðslega forvitnir. Þetta eru ekki Rooney eða Ronaldo, þetta eru venjulegir menn. Allir eru að tala um hversu yndislegir þessir menn eru. Fjölmiðlarnir hafa haft orð á því hversu vel upp aldir þessir strákar séu og kurteisir. Þá þykir ansi merkilegt hversu vel strákarnir vinna saman og séu svo rosaleg heild, sem er eitthvað sem hin liðin hafa ekki. Þá eru þeir mjög forvitnir um fagnadarlætin, þetta víkingakall. Þeir velta mikið fyrir sér hvað sé í gangi með það,“ bendir Eva á og viðurkennir fúslega að bringan sé nánast látlaut útþanin af þjóðarstolti.

„Ég stóð hérna með fánann, víkingahattinn og vafin inn í annan fána þegar við kepptum á móti Englendingunum. Fólk hló og starði, við erum svo miklir Íslendingar og við stöndum svo mikið saman,“ segir



Lemon opnaði í París fyrir um þremur mánuðum. Eva er ansi sátt við athyglina sem fylgir EM.

**ÉG STÓÐ HÉRNA
MEÐ FÁNANN,
VÍKINGAHATTINN OG
VAFIN INN Í ANNAN
FÁNA ÞEGAR VIÐ
KEPPTUM Á MÓTI
ENGLENDING-
UNUM. FÓLK HLÓ
OG STARÐI,**

hún og hlær innilega. „Hér var allt fullt og við horfðum saman á leikinn. Fólk var gapandi og velti fyrir sér hvort þetta væri virkilega að gerast, að við værum að leggja Englendingana. Þegar við unnum var það svo bara djús á línuna.“

Eva segir hreint magnað hversu ljómandi fin auglýsing framganga Íslendinganna hafi reynst Lemon í París. Staðurinn hefur verið starfræktur í rúma þrjú mánuði og má sannarlega segja að algjör sprenging hafi fylgt góðu gengi á vellinum. Eftir leikinn á mánudag var til að mynda allt búið hjá henni.

„Bakarinn var ekkert sérstaklega ánægður með mig þegar ég varð að panta hjá honum brauð um klukkuna eitt aðfaranótt þriðjudagsins. Það vilja allir smakka íslenskt og prófa íslenskar vörur núna,“ útskýrir hún glöð í bragði og segist ekki geta hugsað sér annað en að bjóða strákunum til sín við fyrsta tækifæri. „Ég skora á íslenska landsliðið

að koma til mín, ég vona bara innilega að þeir kiki við,“ segir hún og undirstrikar að fyrir henni séu þeir ótvíræðir sigurvegarar nú þegar. Hún segist jafnframt óþreytandi við að útskýra það fyrir Frökkunum líka. Sjálf verður hún ekki á vellinum næsta sunnudag er íslenska liðið mætir því franska á Stade de France. „Ég verð að standa vaktina á Lemon. En hvort sem við vinnum eða töpum úr þessu, erum við samt sigurvegarar, það er alveg á hreinu,“ segir hún að lokum.

gudrun@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinnsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Lagersala á skóm 50-70% afsláttur

29. júní - 3. júlí



Tretorn stígvél – Börn
Verð áður: 7.200 kr.
Verð nú: 3.600 kr.



La Sportiva Scratch gönguskór
Verð áður: 24.900 kr.
Verð nú: 12.450 kr.



La Sportiva Synthesis gönguskór – Dömu
Verð áður: 34.900 kr.
Verð nú: 13.960 kr.



Keen sandalar – Börn
Verð áður: 8.400 kr.
Verð nú: 2.520 kr.



La Sportiva Mix gönguskór
Verð áður: 25.900 kr.
Verð nú: 12.950 kr.



La Sportiva Helios 2.0 hlaupaskór
Verð áður: 23.900 kr.
Verð nú: 11.950 kr.



Keen sandalar – Dömu
Verð áður: 18.600 kr.
Verð nú: 5.580 kr.



La Sportiva Boulder gönguskór
Verð áður: 29.900 kr.
Verð nú: 14.950 kr.



La Sportiva Helios hlaupaskór
Verð áður: 23.900 kr.
Verð nú: 9.560 kr.

Þetta er aðeins brot af úrvalinu – miklu meira í boði í verslununum.

Útsölumarkaður 66°Norður Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Útsölumarkaður 66°Norður Skipagötu 9 | 600 Akureyri

Opnunartími: mán.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími: mán.-fös. 9-20 | lau. 11-20 | sun. 12-18

Bakpankar

Jóna Hrönn
Bolladóttir



Þjóðsöngurinn

Ég hef litið vit á fótbolta en ég hef fylgst vel með gengi íslenska landsliðsins á EM. Í mörgum aðstæðum hef ég stáltaugar en þegar kemur að því að horfa á landsliðið keppa næg ég að sjá þegar liðið stillir sér upp við innganginn og horfa á þegar hetjurnar leiða börnin inn en meira ræð ég varla við.

Í fyrsta leiknum þekkti ég Ronaldo í sjón af því að hann þykir einn fallegasti karlmaður í heimi og svo þekkti ég Aron fyrirliða með nafni af því að ég skirði hjá honum barn. Svo þegar ég horfi á Heimi þjálfara finnst mér ég nú alltaf þekkja hann því ég var prestur í Landakirkju í Eyjum þar sem afi hans var meðhjálpari í meira en 40 ár, pabbi hans söng í kórnum með sinni ógleymanlegu bassarödd og eldri bróðir hans hefur verið þar farsæll kirkjuhaldari árum saman. Svona er litla Ísland.

Þegar leikir hefst rís ég á fatur með taugarnar þandar og fer að setja í vél, brjóta saman úr þurrkaranum eða eitthvað annað sem róar mig. En fyrst kemur þó stundin sem ég vil ekki missa af; þegar leikvangurinn fyllist af íslenska þjóðsöngnum. Þá leyfi ég mér að gráta. Ekki af þjóðernisstolti, því það er ekki inntak þjóðsöngsins þótt ég sé sannarlega stolt þegar ég horfi á þessa drengilegu íþróttamenn okkar sem hafa náð að heila alla þjóðina í sumar. Þjóðsöngurinn er lofsöngur til lífsins og Guðs eins og hver skilgreinir hann í sínu hjarta. Enginn herskár mars heldur auðmýkt og fegurð, þar sem manneskjan stendur í smæð sinni og undrun frammi fyrir sólkerfum himna og þúsundum ára og er einmitt þess vegna fær um að halda einbeitingu, líka á risavöxnum knattspyrnuvelli andspænis milljónaþjóðum.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Endalaust 365



NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

*Fylgir með völdum tilboðsþéttum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



NEW YORK

STÓRIR DRAUMAR ÞURFA STÓRAR VÉLAR

VERÐ FRÁ
14.999 kr.*

Frá nóvember 2016

NEW YORK — NÝR ÁFANGASTAÐUR Í NÓVEMBER

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna nýjan áfangastað WOW air. Tryggðu þér sæti til New York strax í dag og upplifðu gleðina og kraftinn sem einkennir borgina sem aldrei sefur. Í þessari stærstu borg Bandaríkjanna er lífleg listasena, fjölbreytt mannlíf, iðandi næturlíf og auðvitað besta pizzan. Stóra eplið hefur eitthvað fyrir alla. Við elskum New York!



*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgír.

KATRINARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS